

# Afgreidd mál

## 1. Reikningar Bændasamtaka Íslands

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2008 samþykki reikninga Bændasamtaka Íslands, Nautastöðvarinnar á Hvanneyri og Þorleifskoti fyrir árið 2007 eins og þeir liggja fyrir á þingskjali 1.

Arnar Bjarni Eiríksson  
Gísli J. Grímsson  
Guðmundur Gr. Guðmundsson  
Jóhanna Pálmadóttir  
Þorsteinn Kristjánsson

## 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008

### Ályktun:

Búnaðarþing 2008 samþykkir fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ á Hvanneyri eins og þær liggja fyrir.

Arnar Bjarni Eiríksson  
Gísli J. Grímsson  
Guðmundur Gr. Guðmundsson  
Jóhanna Pálmadóttir  
Þorsteinn Kristjánsson

## 3. Fjallskil

### 1. Erindi Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að kanna hvort þörf sé á að breyta lögum og eða reglugerðum sem í gildi eru um fjallskil.

#### Greinargerð:

Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum á eignarhaldi og nýtingu lands. Sveitarfélög hafa víða verið sameinuð og sumstaðar hafa sameinast dreifbýli og þéttbýli. Þetta hefur orðið til þess að tengsl sveitarstjórnarmanna og landeigenda við fjallskilamál hafa víða rofnað.

### 2. Erindi Þórólfs Sveinssonar

Búnaðarþing 2008 felur stjórn BÍ að beita sér fyrir endurskoðun laga um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6/1986. Markmiðið með endurskoðuninni er einkum að ná sátt um nýtingu afrétta við gjörbreyttar forsendur í búfjárhaldi, og stuðla eftir föngum að hóflegri en víðtækri þátttöku jarðeigenda í þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er vegna nýtingar afréttarlanda. Jafnframt að finna leiðir til að sætta gagnstæð sjónarmið varðandi skyldu landeigenda til að smala heimalönd, óháð því hvort þeir eiga búfé eða ekki.

#### Greinargerð:

Ekki þarf að rekja þær miklu breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum í sveitum landsins síðustu ár og áratugi. Þessar breytingar koma m.a. fram í aukinni sérhæfingu í búfjárhaldi. Fyrir nokkrum ártugum þótti sjálfsagt og eðlilegt að allir sem byggju í sveit hefðu tekjur af sauðfjárrækt en því fer fjarri að svo sé nú. Lög um afréttarmál og fjallskil eru að stofni til óbreytt frá 1969 og mörg grundvallatriði laganna eru væntanlega frá síðari hluta nítjándu aldar þegar fyrst var sett heildarlöggjöf um fjallskil og smalanir. Það er því að vonum að mörg ákvæði laga um Afréttarmálefni og fjallskil séu úrelt orðin og þarfnist endurskoðunar. Hér á eftir verða tilgreind nokkur dæmi um efnisatriði sem þarfnast skoðunar.

1. Skilgreina þarf með skýrari hætti en nú er að fjallskilaskylda er afleidd skylda sem á rót sína í því að jörð eða búfjáreigandi á upprekstrarétt á afrétt. Er í þessu sambandi m.a. vísað til dóms Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. Y-1/2006, en í forsendum dómsins segir m.a. „ Fjallskilagjöld tengjast óumdeilanlega upprekstrarétti eigenda búfjár og jarða en ekki skiptir máli hvort sá réttur er nýttur eða ekki“. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að grunnforsendur fjallskilaskyldunnar séu ljósar, ekki síst vegna þess að nú þegar eignarhald á afréttum er að skýrast með störfum Öbygginganefndar og eftir atvikum dómstóla, geta viðhorf til upprekstraréttar breyst á skömmum tíma. Það getur hæglega komið til þess að eigendur jarða og/eða búfjár afsali sér eða jörðum sínum upprekstrarétti ef sá réttur er í raun einungis orðinn gjaldstofn en upprekstrarétturinn ekki nýttur. Það er óhugsandi að sátt verði um síhækkandi fastar álögur á landverð jarða þar sem sauðfé fækkar hratt.

2. Í 42. grein laganna segir að heimilt sé að „leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt“. Hér hefur löggjafinn skilið eftir opna skattlagningaheimild á eigendur bújarða sem leiðir af sér mjög mismiklar álögur, jafnvel innan sama sveitarfélags. Sáttaleið gæti verið að þetta gjald geti verið ákveðinn hundradshluti af landverði að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, þó að hámarki t.d. kr. 10.000- á jörð.

3. Í lokamálgrein 7. greinar segir „Um skyldu til að reka búfé á afrétt fer eftir því, sem mælt er fyrir um í fjallskilasamþykkt“. Það er auðvitað fráleitt og stríðir freklega gegn ákvæðum um atvinnufrelsi að löggjafinn opni fyrir þvingunarúrræði eins og hér er gert, án nokkurra skilyrða um málefnalegar forsendur. Þetta ákvæði ber að fella burt.

4. Niður falli gagnvart þeim aðilum sem ekki eiga fjallskilaskyldt búfé, sú fortakslausa skylda að hægt sé að krefjast vinnuframlags og að fjallskilastjórnir/sveitarstjórnir geti verðmetið leitir að geðþótta eins og nú er. Þeir sem ekkert fjallskilaskyldt búfé eiga, geti valið hvort þeir sinna leitum eða greiða fjallskilagjald. Ákvæði 38. greinar laganna eru nánast eins og um herskyldu sé að ræða.

5. Álögur á fjallskilaskyldt búfé verða að taka mið af hvort búféð er rekið á afrétt eða ekki. Það er að sjálfsagt réttlætismál að þeir sem leggja í kostnað við að hafa búfé sitt í afgirtum heimahögum, séu ekki krafðir um sömu fjallskilagjöld eins og þeir sem reka allt sitt fjallskilaskylda búfé á afrétt.

6. Í 39. grein laganna er sveitarstjórn gefin heimild til að skylda landeigendur til að smala heimalönd sín, óháð því hvort þeir eigi þar fjárvon. Þetta er eitt af þeim ákvæðum laganna sem hvað brýnast er að taka til endurskoðunar. Þess eru engin dæmi í íslenskri löggjöf að réttur búfjár eða eigenda þess, sé tekinn svo langt fram yfir rétt landeiganda eins og gert er í þessari lagagrein. Það er fullkomlega eðlilegt sjónarmið að landeigendum þyki þeirra framlag nægilegt með því búfé gangi í landi þeirra án heimildar eða endurgjalds, þótt ekki bætist við að þeir séu skyldaðir til að leggja í þann kostnað sem fylgir því að smala þessu búfé. Flutningsmaður hefur rökstuddan grun um að það sé mjög breytilegt eftir landssvæðum hvort þessi smölunarskylda er virk og þá hvernig henni er háttað. Það væri því þarft að byrja á því að kanna hvernig að þessum málum er staðið.

Eflaust mætti tína til mun fleiri atriði en hér hefur verið gert. Það er sannfæring flutningsmanns að ef ekkert frumkvæði kemur frá bændum til að breyta lögum um afréttarmálefni og fjallskil, nr. 6 frá 1986, muni endurtaka sig það sem varð raunin með breytingar á jarða- og ábúðarlögum á Alþingi vorið 2004. Þá voru mörg ákvæði þeirra laga orðin svo óvinsæl að gengið var mun lengra í breytingum en nokkurn óraði fyrir við upphaf endurskoðunar á þessum lögum. Það er raunveruleg hættu á að eigendur jarða og búfjár afsali sér upprekstrarétti til að losna undan síhækkandi kostnaði vegna upprekstraréttar sem viðkomandi nýtir sér ekki og sér ekki fram á að nýta sér, enda getur það sparað viðkomandi landeigendum tugi þúsunda árlega. Hvers vegna ætti það að vera fráleitt hugmynd þegar hafður er í huga sá fjöldi jarða sem nú er án greiðslumarks til sauðfjár- og/eða mjólkurframleiðslu eftir að þau réttindi hafa verið seld frá viðkomandi jörðum ?

### 3. Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarþing 2008, felur stjórn BÍ að skipa starfshóp til að fara yfir reglur um framkvæmd fjallskila. Einkum verði lögð áhersla á að gætt verði ákveðins hófs við álagningu fjallskila á fjárlausu landeigendur, þannig að jafnan verði meirihluti fjallskila lagður á samkvæmt fjárfjölda. Einnig að smölun ógirtra heimalanda fari fram undir stjórn hreppsnefnda eða fjallskilanefnda, unnin sameiginlega af fjáreigendum og fjárlausum landeigendum, samkvæmt niðurjöfnun dagsverka. Ætla má að þetta gæti víða stuðlað að aukinni sátt um fjallskil og bætt skil á fé úr heimalöndum.

#### 4. Erindi frá Marinó Jóhannssyni

Við undirritaðir bændur og ábúendur jarða í Langanesbyggð skorum á stjórn Bændasamtaka Íslands að endurskoða félagsmál bænda með það að leiðarljósi að styrkja og efla búsetu í sveitum landsins. Sérstaklega er bent á lög um framkvæmd fjallskila og afréttarmálefni, þeim þarf að breyta. Afnema þarf tilskipanir pólitískt kjörinna sveitarstjórnarmanna í fjallskilanefndir. Styrkja þarf sauðfjárbændur tímabundið þar sem byggð hefur grisjast, með fjárframlagi og/eða stuðningi við girðingar, með það að markmiði að sauðfjárrækt verði sjálfbær og á sátt við landnýtingarsjónarmið á hverjum tíma.

#### Ályktun:

Búnaðarþing 2008 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að skoða stjórnvaldsfyrirmæli um fjallskil, einnig dóma og annað sem varðar framkvæmd fjallskila.

Þá hafi starfshópurinn það hlutverk að skilgreina helstu vandamál sem tengjast lögum um afréttarmálefni og fjallskil og framkvæmd þeirra laga.

Ef starfshópurinn telur nauðsynlegt að lögum um afréttarmálefni og fjallskil verði breytt, skili hann tillögum þar um til stjórnar BÍ fyrir 15. janúar 2009, ásamt skýrslu um starf hópsins.

Sigbjörn Björnsson  
Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason

#### 4. Ræktarland

##### 1. Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi

Búnaðarþing 2008 skorar á Alþingi að taka nú þegar til endurskoðunar núgildandi jarðalög nr. 81 frá árinu 2004 svo og skipulags- og byggingalög nr. 73/1997, með sérstöku tilliti til nýtingar lands með það að markmiði að varðveita auðræktað land til komandi kynslóða.

#### Greinargerð:

Alls er talið að um 6% af flatarmáli Íslands sé gott ræktunarland eða um 600 þúsund hektarar. Um 120.000 hektarar eru nú nýttir, að mestu til túnræktar, um 6 þúsund hektarar í græn fóðri, um 4 þúsund hektarar í korni og um eitt þúsund hektarar til ræktunar matjurta. Með hlýnandi veðurfari aukast líkur á að hægt verði að rækta hér fleiri tegundir nytjajurta en áður jafnframt því sem þrengist um ræktunarland annars staðar í heiminum. Með hækkandi kornverði erlendis er líklegra en áður að hagkvæmni íslenskrar kornræktar aukist verulega. Ef allt það korn sem notað er hér í búfjárrækt og til manneldis verður ræktað hér á landi, þá þarf um 20 þúsund hektara lands til að sinna þeirri þörf. Það hlýtur að vera okkur kappsmál, að skila ræktunarlandinu óskemmdu og aðgengilegu til næstu kynslóða.

Ónotað ræktunarland er í hættu. Það hefur ekkert sérstakt verðgildi í samfélaginu, þótt það geti orðið mikils virði í framtíðinni. Það er heldur ekki skilgreint sem slíkt í lögum. Einungis er til skilgreiningin landbúnaðarland en það er heimaland lögbýla ef ekki hefur verið samþykkt að nota það til annars. Löggjafinn setur þannig allt landbúnaðarland undir einn hatt, jafnt beitiland, flóa og fen sem og gott ræktunarland.

Nýting lands er að breytast mjög hratt. Sumarbústaðaland er í háu verði einkum þó í nágrenni þéttbýlis. Landeigendur sækjast eðlilega eftir því að selja land undir sumarbústaði. Land sem bútað er niður í sumarbústaðalóðir verður aldrei akur eða tún eftir það. Eina takmörkunin á þessari landnotkun eru skipulagslögin. Þau gera ráð fyrir því, að sé notkun lands breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð, verði það að vera í samræmi við skipulag sveitarfélagsins. Þótt sveitarstjórnarmenn séu allir af vilja gerðir til að vernda ræktanlegt land fyrir framtíðina, þá getur það reynst erfitt vegna ólíkra hagsmuna innan viðkomandi sveitarfélags.

Í lögum um landshlutaskógrækt er hvergi minnst á að ekki megi taka akurlendi undir skóg, enda sýna dæmin, að skógur hefur verið gróðursettur í gott ræktunarland og jafnvel í tún. Um slíkt hafa

sveitarstjórnarmenn ekkert að segja samkvæmt gildandi lögum.

Nauðsynlegt er því að skerpa lagarammann sem þarf að gilda um þessi mál ef á að takst að viðhalda þeirri landnotkun sem nauðsynleg er í dag til öflunar fóðurs fyrir búpening og þar með til innlestrar matvælaframleiðslu. Jafnframt að skapa möguleika til aukningar á hefðbundinni nýtingu lands til matvælaframleiðslu.

## **2. Erindi Landssambands kúabænda**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að hlutast til um nauðsynlegar lagabreytingar með það að markmiði að varðveita til framtíðar sem mest af góðu ræktunarlandi.

## **3. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings**

Búnaðarþing 2008 vekur athygli á mikilvægi þess að gott landbúnaðarland sé ekki tekið umhugsunarlaust úr landbúnaðarvæðingunni. Mikilvægt er að tryggja að sem stærstur hluti landsins, og þá sér í lagi ræktanlegs lands, verði aðgengilegur til landbúnaðarnota í framtíðinni. Búnaðarþing hvetur sveitarfélög til að taka mið af því við skipulagsákvæðanir.

### *Greinargerð:*

Um allan heim er vaxandi samkeppni um land til landbúnaðarnota vegna aukinnar eftirspurnar eftir landbúnaðarvörum, samkeppni við framleiðslu lífræns eldsneytis og jafnvel vegna hnattrænnar hlýnunar og uppskerubrests af hennar völdum. Þetta ástand hefur þegar leitt til verulegra verðhækkana á landbúnaðarframleiðslu og skortur gæti verið framundan. Á sama tíma er mikil ásókn í að taka landbúnaðarland hérlendis til annarra nota. Að samþykka það í stórum stíl er óvarlegt enda kann sú staða að koma upp í framtíðinni að við þurfum á öllu okkar ræktunarlandi að halda.

## **4. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda**

### **Verndun ræktunarlands**

Búnaðarþing 2008 telur mjög brýnt að festa í lög skilgreiningu á því hvað teljist gott ræktunarland. Með þeirri lagasetningu þarf að tryggja að á slíku landi njóti matvælaframleiðsla forgangs og það verði ekki tekið undir aðra starfsemi. Þingið beinir því jafnframt til sveitarstjórna landsins að þær hafi þetta sjónarmið í huga við gerð eða endurskoðun aðalskipulags.

### *Greinargerð:*

Fyrir liggur að gott ræktunarland á heimsvísu er af skornum skammti. Nýlegar hækkningar matvælaferðis í heiminum má m.a. rekja til aukinnar eftirspurnar á korni til eldsneytisframleiðslu sem útheimtir enn meiri landnotkun. Þó að Ísland sé stórt þá er ræktunarland hérlendis takmarkað og vaxandi eftirspurn er eftir því undir aðra starfsemi en matvælaframleiðslu svo sem frístundabyggðir, skógrækt eða almenna íbúðabyggð. Ef ekki verður gripið í taumanna er hætt við að mikið land sem hentar langbest til framleiðslu matvæla verði tekið undir aðra starfsemi. Því telur Búnaðarþing nauðsynlegt að Alþingi lögfesti skilgreiningu á landi þar sem matvælaframleiðsla á að hafa forgang og sveitarstjórnir taki síðan mið af henni við sína skipulagsvinnu.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp sem fái það hlutverk að finna leiðir til þess að tryggja varðveislu góðs ræktunarlands til framtíðar. Í starfshópnum verði fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, Samtaka sveitarfélaga og Bændasamtaka Íslands. Starfshópurinn skili skýrslu fyrir 15. janúar 2009.

Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson

## **5. Fjarskipti**

### **1. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á búnaðarþing 2008 að halda áfram baráttu

fyrir öflugu netsambandi í dreifbýli landsins. Núverandi ástand er víða algjörlega óviðunandi.

## **2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings**

Búnaðarþing 2008 vekur athygli á að víða um land eru fjarskiptamálin í algjörum ólestri. Á það einkum við um möguleika á háhraðanettengingum en í sumum tilvikum einnig um sjónvarps- og útvarpssendingar. Þá hafa sumar þær lausnir sem reyndar hafa verið og vonir bundnar við, ekki reynst fullnægjandi. Búnaðarþing 2008 skorar á alþingi og ríkisstjórn að tryggja öllum landsmönnum örugga háhraðanettengingu eins fljótt og kostur er. Það verður best tryggt til frambúðar með því að ljósleiðari verði lagður um allt land þannig að allir sitji við sama borð í þessum eignum.

### *Greinargerð:*

Það að fjarskipti, hvort sem um er að ræða netsamband, sjónvarpssamband eða útvarpssamband, séu í lagi er mjög mikilvægt fyrir nútíma samfélag í sveitum. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að koma á slíku sambandi en hafa því miður í mörgum tilfellum ekki reynst vel. Má þar nefna þráðlaust kerfi fyrir netlausnir og gervihnattasendingu fyrir sjónvarp og útvarp. Þessar lausnir duga sums staðar en eru svo takmarkaðar annarsstaðar að veður, t.d. úrkoma hefur þau áhrif að sambandi/útsendingin truflast og/eða dettur út. Þetta staðfestir að ljósleiðari er sú lausn sem er varanleg en hann er hins vegar ekki í boði nema fyrir hluta landsmanna. Því þarf að vinna markvisst að því að ljósleiðari verði lagður um allt land svo landsmönnum verði ekki mismunad hvað þetta varðar.

## **3. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda**

Búnaðarþing 2008 skorar á samgönguráðherra að endurskoða útboðsreglur fjarskiptasjóðs sem ætlaðar eru til að koma upp háhraðatengingum um allt land. Fer Búnaðarþing fram á að endurskoðunin felist í því að útvíkka reglurnar þannig að hægt sé að uppfylla markmið fjarskiptaáætlunar stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir því að allir landsmenn eigi kost á háhraðatengingum við Netið. Þetta átti að gerast á árinu 2007.

### *Greinargerð:*

Reyndin hefur verið sú að langur tími hefur farið í undirbúning útboðs og þess vegna hafa nokkur dreifbýlissveitarfélög viljað koma til móts við íbúa sína og tryggja þeim þessa þjónustu til jafns við aðra landsmenn. Sveitarfélögin hafa lagt í verulegan kostnað vegna þessa og samið við fyrirtæki, sem svo geta ekki staðið við þá samninga sem gerðir hafa verið. Hvetur Búnaðarþing stjórnvöld til að útvíkka útboðsreglur Fjarskiptasjóðs til að koma á móts við þau sveitarfélög sem sitja uppi með léleg fjarskipti og í sumum tilvikum engin og ljúka við þessi svæði til að fólk í dreifbýli fái þá sjálfsögðu þjónustu sem háhraðatenging er og getið er um í fjarskiptaáætlun.

## **4. Erindi Félags ferðaþjónustubænda**

Félag ferðaþjónustubænda óskar eftir því að búnaðarþing 2008 beiti sér fyrir því að öll heimili og fyrirtæki í dreifbýli búi við sambærilega möguleika til fjarskiptaþjónustu og heimili og fyrirtæki í þéttbýli.

### *Greinargerð:*

Á síðustu misserum hefur dreifbýlið ekki notið sömu uppbyggingar á fjarskiptakerfum og þéttbýlið og er það farið að há heimilum og fyrirtækjum mikið. Mikið af þeirri daglegu þjónustu sem bæði opinberir aðilar og önnur þjónustufyrirtæki inna af hendi er í gegnum Internetið og ferðaþjónustubændur í dreifbýli sem og aðrir bændur gera þær sjálfsögðu kröfur að búa við sambærilegar aðstæður og þéttbýlið enda þarfirnar þær sömu.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að koma eftirfarandi ályktun á framfæri við stjórnvöld

Búnaðarþing hefur ítrekað ályktað um mikilvægi öflugra tenginga við Internetið til að stuðla að áframhaldandi byggð á öllu landinu. Stjórnvöld hafa ekki staðið sig í að tryggja jafnræði í þessu mikilvæga hagsmunamáli landsbyggðarinnar. Það eru vonbrigði að ekki tókst að tryggja öllum landsmönnum aðgang að háhraðanettengingum á síðasta ári eins og lofað var í núgildandi fjarskiptaáætlun stjórnvalda. Minnt er á umfangsmikla viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar sem Bændasamtökin létu framkvæma, meðal bænda, á sl. ári þar sem fram kemur m.a. að 48% þeirra sem nýta sér Internetið eru ekki með háhraðanettengingu.

Búnaðarþing fagnar langþráðu útboði á háhraðanettengingum til um 1400 heimila og fyrirtækja á landsbyggðinni, sem auglýst var í síðustu viku, á vegum Fjarskiptasjóðs. Vonir eru bundnar við að með útboðinu verði jafnræði allra landsmanna tryggt að öflugum háhraðanettengingum sem eru lífæð upplýsingasamfélagsins. Þingið tekur heilshugar undir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Geirs H. Haarde um að tryggja öllum landsmönnum aðgengi að þeirri byltingu sem orðið hefur í gagnaflutningum og að landið verði eitt búsetu- og atvinnusvæði.

Það er hins vegar áhyggjuefni að sum svæði eru ekki hluti af auglýstu útboðssvæði Fjarskiptasjóðs vegna skilyrða í lögum um uppbyggingu háhraðanettenginga á markaðsforsendum. Stjórnvöld verða að tryggja íbúum á þeim svæðum sambærilega úrlausn.

Þýðingarmikið er að tryggja áframhaldandi starfsemi Fjarskiptasjóðs með árlegum fjárveitingum ríkisins. Ólíklegt er að markaðslegar forsendur skapist á næstu árum við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að upplýsingahraðbrautinni á sambærilegum kjörum óháð landfræðilegri staðsetningu.

Skorað er á ríkisstjórnina að endurskoða lög um Fjarskiptasjóð þannig að hann virki í framtíðinni sem bakhjarl byggðanna í að tryggja íbúum alls landsins háhraðanettengingar. Það verður best gert í samvinnu við sveitarfélög á hverjum stað og kæmi þá aðstoð Fjarskiptasjóðs í formi styrkja, faglegrar aðstoðar og eftirlits með þjónustu fjarskiptafyrirtækja.

Sigbjörn Björnsson  
Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigurbjörn Snæþórssen  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason

## 6. Þjóðlendumál

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2008 telur mikilvægt að Bí fylgist áfram náið með þjóðlendumálum og reyni eftir mætti að standa við bakið á landeigendum þannig að ekki verði gengið á eignarrétt þeirra. Búnaðarþing mótmælir ásælni ríkisvaldsins í lönd innan þinglesinna landamerkja jarða og annarra landareigna með því að fjármálaráðherra vísar ítrekað úrskurðum Óbyggðanefndar um mörk eignarlanda og þjóðlendu til dómstóla. Búnaðarþing telur að framkvæmd laga um þjóðlendu með þessum hætti samrýmist ekki meðalhöfsreglu stjórnslulaga. Búnaðarþing skorar á fjármálaráðherra að hverfa nú frá frekari málaferlum á hendur landeigendum vegna úrskurða Óbyggðanefndar í ljósi þess að nú liggja fyrir fordæmi í dómum Hæstaréttar sem byggja má framhald málsins á.

### *Greinargerð:*

Nú hafa fallið á þriðja tug dóma í Hæstarétti um kröfur ríkisins á grundvelli laga um þjóðlendu. Dæmt hefur verið um helstu málsástæður sem ríkisvaldið hefur lagt til grundvallar kröfum sínum um þjóðlendu innan þinglesinna landamerkja jarða. Nýlegur dómur Hæstaréttar eykur ótvírætt gildi þinglesinna landamerkjabréfa jarða sem sönnunargagns um landamerki eignarlanda. Sjónarmiðum ríkisvaldsins um að landamerkjalykingar nái lengra til fjalla en landnám hefði mögulega getað gert hefur verið hafnað. Einnig þeim sjónarmiðum, að land yfir ákveðinni hæð sem ekki nýtist til búrekstra hafi ekki verið numið til eignar. Líkum sjónarmiðum um að gróðurfar skipti máli við ákvörðun þjóðlendu á kröfusvæðum hefur verið hafnað. Þá eru tekin af öll tvímæli um að mörk jarða við jökul skuli miða við jaðar meginjökuls eins og hann var 1. júlí 1998 við gildistöku þjóðlendulaganna. Landsvæði sem kemur til vegna þess að jökull kann að hafa hopað frá því að landamerkjabréf voru gerð dæmast eignarlönd viðkomandi jarða. Því verður ekki séð að forsendur fyrir áframhaldandi málaferlum fjármálaráðherra á hendur landeigendum séu lengur fyrir hendi.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 lýsir yfir stuðningi við framkomið frumvarp á Alþingi, þskj.630 - 386 mál, um breytingar á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Bjarni Ásgeirsson

Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigurbjörn Snæþórssón  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason

## 7. Dýralæknaþjónusta

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings  
Búnaðarþing 2008 varar við því að gerðar verði einhverjar þær breytingar á núverandi héraðsdýralæknaakerfi, sem ætla má að leiði til lakari dýralæknaþjónustu í strjálbýlli héruðum.

### *Greinargerð:*

Víða um land hagar svo til að starfandi héraðsdýralækna sinna einnig almennum dýralækningum á starfssvæðum sínum og í strjálbýlli héruðum er önnur dýralæknaþjónusta ekki fáanleg nema úr mikilli fjarlægð og með ærnum tilkostnaði. Verði héraðsdýralæknaembættin lögð niður er vandséð að nokkrir dýralækna muni starfa í fámennustu héruðunum. Því munu fylgja verulegir erfiðleikar fyrir bændur, kostnaður bæði beint (ferðakostnaður) og óbeint (ef dýralækna fást ekki eða of seint) auk þess sem það kann að koma niður á velferð dýra.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á ríkisvaldið að leggja fram fjármagn til að tryggja dýralæknaþjónustu á strjálbýlum svæðum svo allir dýraeigendur landsins hafi aðgang að þjónustu dýralækna.

### *Greinargerð:*

Þegar endanlegur aðskilnaður eftirlits og almennrar dýralæknaþjónustu verður að veruleika er nauðsynlegt að tryggja þjónustuþáttinn á svæðum sem eru of fámenn til þess að sjálfstætt starfandi dýralækna sjái sér hag í að bjóða þar fram þjónustu sína. Nauðsynlegt er að hið opinbera leggi fram fé til að tryggja fullnægjandi þjónustu og dýravelferð á þessum svæðum.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Þórarinn Ingi Pétursson

## 8. Samgöngumál

### **Erindi Félags ferðaþjónustubænda**

Félag ferðaþjónustubænda skorar á búnaðarþing að beina því til samgönguyfirvalda að áhersla verði lögð á vegabætur í dreifbýli og einkum á tengivegum sem víða hafa verið vanhirtir í áratugi.

### *Greinargerð:*

Ferðaþjónusta byggir á góðum samgöngum og er ástandið þannig víða á dreifbýlli svæðum að ferðaskipuleggjendur og bílaleigur eru farnir að vara ferðamenn við að fara út á malarvegi og má benda á sérstök viðvörunarmerki á vegum og merkingar í bílaleigubílum í því sambandi. Þetta er með öllu óásættanlegt og mikil nauðsyn til að krefjast úrbóta.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á samgönguráðherra að láta hefja nú þegar vinnu við uppbyggingu vegakerfis í dreifbýli sem víða hefur verið vanrækt svo áratugum skiptir.

### *Greinargerð:*

Nútímalegir uppbyggðir vegir, með bundnu slitlagi, eru forsenda þess að dreifðar byggðir séu aðlaðandi

til búsetu og fyrir ýmsa atvinnustarfsemi eins og ferðapjónustu. Ástandið er víða þannig, einkum á tengi- og héraðsvegum, að ferðaskipuleggjendur og bílaleigur vara ferðamenn við að fara út á malarvegi og benda má á sérstök viðvörunarmerki á vegum sem Umferðarstofa, tryggingarfélag og Vegagerðin setja upp. Þetta er með öllu óásættanlegt og mjög rík ástæða er til að hefjast úrbóta.

Sigbjörn Björnsson  
Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason

## 9. Búfjárhald

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings  
Búnaðarþing 2008 felur stjórn BÍ að beita sér fyrir endurskoðun á IV. kafla laga nr. 103, 2002 um búfjárhald o.fl. með síðari breytingum, ásamt tilheyrandi reglugerðum. Við þá endurskoðun skuli það haft að leiðarljósi að minnka umfang eftirlitsins og þar með kostnað.

### *Greinargerð:*

Einstakt er að svo nákvæmt eftirlit sé haft með einni atvinnugrein. Í raun má segja að eftirlit sem framkvæmt er með heimsókn til bænda endurspeglir vantraust í þeirra garð. Þegar upp hafa komið mál þar sem aðbúnaði og/eða fóðrun búfjár hefur verið ábótavant hefur grunur um slíkt yfirleitt komið fram fyrir heimsókn búfjareftirlitsmanns og fá dæmi um það að heimsókn hans hafi nægt til að taka á slíkum málum.

Upplýsingar um fjölda búfjár má gefa upp með sama hætti og verið hefur þ.e. með útfyllingu skýrslna sem sendar eru til baka, sjálfsagt er þó að menn eigi kost á að gera þetta rafrænt. Önnur þau störf sem búfjareftirlitsmenn inna af hendi, t.d. eftirlit með Gæðastýringu í sauðfjárrækt, mætti leysa með sama hætti, þ.e. að senda út skýrsluform til bænda, sem þeir fylla út og senda svo til sinna búnaðarsamtaka.

Komið hefur fram að sveitarfélög eru óánægð með þann kostnað sem lendir á þeim vegna búfjareftirlits og hafa sagt að bændur eigi sjálfir að bera þann kostnað. Skynsamlegt er að taka málið til endurskoðunar áður en kostnaðinum verði velt yfir á bændur.

**Niðurstaða:** Kom ekki úr nefnd

## 10. Bændabókhald og bókhaldsforritið dkBúbót

### **Erindi Landssamtaka sauðfjərbænda**

Búnaðarþing 2008 beinir því til Landbúnaðarháskóla Íslands og Bændasamtaka Íslands að öll kennsla og námskeiðahald í bændabókhaldi og bókhaldsforritinu dkBúbót verði stórefld.

Ákveðin grunn kennsla í bændabókhaldi og kennsla á bókhaldsforritið dkBúbót þyrfti að vera skyldufag við flestar ef ekki allar deildir Lbhí.

Árlega þarf að bjóða upp á námskeið í bændabókhaldi og bókhaldsforritinu dkBúbót fyrir bændur og þá sem starfa við bændabókhald. T.d. þyrfti að bjóða upp á byrjendanámskeið í dkBúbót og framhaldsnámskeið sem gætu t.d. falist í skattaskýrslugerð, sölu- og reikningagerð og vinnu í launakerfi dkBúbót.

Leiðbeiningar fyrir dkBúbót þarf að bæta, gera aðgengilegri og uppfæra árlega eftir því sem við á.

### *Greinargerð:*

Skort hefur á að kennslumálum í dkBúbót hafi verið sinnt nægilega vel undanfarin ár. Jafnvel hefur verið erfitt að fá fólk til starfa sem býr yfir nægilegri kunnáttu til að geta leiðbeint við notkun forritsins. Nauðsynlegt er að þar verði breyting á því bókhald og bókhaldshugbúnaður eru ein mikilvægustu



stjórnþæki bænda til að halda utan um rekstur sinn. Einfaldasta leiðin við að taka á málinu er að gera kennslu í dkBúbót og bændabókhalði að skyldufagi við Lbhí eins og tillagan gerir ráð fyrir en á sama tíma þurfa Bændasamtökin að efla mjög námskeiðahald og útgáfu leiðbeininga um efnid.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 beinir því til Landbúnaðarháskóla Íslands og Bændasamtaka Íslands að öll kennsla og námskeiðahald í bókhaldi og rekstri verði aukin.

Ákveðin grunnkennsla í bókhaldi og rekstri þarf að vera skyldufag við þær deildir Lbhí sem útskrifa ráðunauta.

Árlega þarf að bjóða upp á endurmenntun í bændabókhalði og bókhaldsforritinu dkBúbót fyrir bændur og þá sem starfa við bændabókhalð. Halda þarf áfram að skipuleggja byrjenda- og framhaldsnámskeið í dkBúbót í samstarfi við búnaðarsamböndin.

Bæta þarf upplýsingar og leiðbeiningar á vefnum um rekstur, bókhald og dkBúbót. Uppfæra þarf vefinn eftir því sem við á.

*Greinargerð:*

Skort hefur á kennslu í bókhaldi og rekstri í ráðunautanámi. Jafnvel hefur verið erfitt að fá til starfa fólk sem býr yfir nægilegri kunnáttu á rekstrarsviði.

Nauðsynlegt er að þar verði breyting á, því bókhald og bókhaldshugbúnaður eru ein mikilvægustu stjórnþæki bænda til að halda utan um rekstur sinn. Einfaldasta leiðin við að taka á málinu er að gera kennslu í dkBúbót og bændabókhalði að skyldufagi við Lbhí eins og tillagan gerir ráð fyrir en á sama tíma þurfa Bændasamtökin að efla mjög námskeiðahald og útgáfu leiðbeininga um efnid.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Pórarinn Ingi Pétursson

## 11. Íslenski geitfjárstofninn

**Erindi Landssamtaka sauðfjərbænda**

Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á varðveislu íslenska geitfjárstofnsins. Leita þarf leiða til að íbúar á öllum landsvæðum geti átt möguleika á að varðveita stofninn. Einnig er lagt til að stuðningur við geitfjárrækt verði eflur sem og rannsóknir á stofninum. Búnaðarþing styður jafnframt tillögu til þingsályktunar um eflingu íslenska geitfjárstofnsins sem nú liggur fyrir Alþingi og flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum.

*Greinargerð:*

Íslenski geitfjárstofninn er einstakur í sinni röð fyrir hreinleika sakir. Stofninn er sá sami frá landnámsöld að því er varðar blöndun við aðra stofna. Eins og staðan er í dag er stofninn í útrýmingarhættu þar sem ekki eru nema rúmlega 400 geitur í landinu á 44 búum. Nokkur sauðfjárveikivarnarhólf landsins eiga þess ekki kost að fá geitur og geta því ekki tekið þátt í varðveislu stofnsins. Leita þarf leiða, með sóttkví eða á annan hátt, til að þessi varnarhólf geti tekið þátt í að viðhalda stofninum. Opinber stuðningur er greiddur á allt að 20 skýrslufærðar geitur á hverju búi eða um 6.000 krónur á grip á ári. Þessi stuðningur er aðeins hugsaður sem lágmarksvernd fyrir stofninn en hann verður að efla eigi stofninn að verða til áfram. Búnaðarþing leggur áherslu á að það verði gert ásamt því að rannsóknir verði eflar.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á varðveislu íslenska geitfjárstofnsins. Leita þarf leiða til að á öllum landsvæðum séu möguleikar á að varðveita stofninn. Lagt er til að stuðningur við geitfjárrækt verði eflur sem og rannsóknir á stofninum. Búnaðarþing styður tillögu til þingsályktunar um eflingu íslenska geitfjárstofnsins sem nú liggur fyrir Alþingi og flutt er af þingmönnum úr öllum flokkum.

#### *Greinargerð:*

Íslenski geitfjárstofninn er einstakur í sinni röð fyrir hreinleika sakir. Stofninn er sá sami frá landnámsöld. Eins og staðan er í dag er stofninn í útrýmingarhættu þar sem ekki eru nema rúmlega 400 geitur í landinu á 44 búum.

Nokkur sauðfjárveikivarnarhólf landsins eiga þess ekki kost að fá geitur og geta því ekki tekið þátt í varðveislu stofnsins. Leita þarf leiða, með sóttkví eða á annan hátt, til þess að sem flestir geti tekið þátt í að viðhalda stofninum.

Opinber stuðningur er greiddur á allt að 20 skýrslufærðar geitur á hverju búi eða um 6.000 krónur á grip á ári. Þessi stuðningur þarf að vera á allar skýrslufærðar geitur.

Geitastofninn hefur mikla sérstöðu. Í honum er Kasmír ullargen sem gefur fína og mjúka ull. Mjólkin er kólesteróllaus, veldur ekki mjólkuróþoli og hentar oft sjúklingum. Einnig er geitaostur vinsæl afurð sem verið er að gera tilraunir með. Mikil eftirspurn er eftir kjötinu og ekki vandamál að selja það.

Verið er að reikna út skyldleika stofnsins með erfðafræðirannsóknunum, en lítil breytileiki virðist vera í erfðamengi íslensku geitarinnar.

Auka þarf stuðning strax og efla rannsóknir á erfðamengi og atferli sem nýta má til að tryggja stækkun geitstofnsins.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Þórarinn Ingi Pétursson

## 12. Landbúnaðarháskóli Íslands

### **Erindi Búnaðarsambands Eyjafjarðar**

Búnaðarþing 2008 hvetur Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) til að setja sér skýra stefnu um uppbyggingu Möðruvalla sem einnar af megin starfsstöðvum LbhÍ í rannsóknum og kennslu.

#### *Greinargerð:*

Eitt af meginhlutverkum LbhÍ er að veita fræðslu og þjálfun fyrir fagfólk í landbúnaði og umhverfisfræðum í víðasta skilningi þess orðs. Sérstaða skólans fram yfir marga aðra háskóla er umfangsmikið rannsóknastarf og er LbhÍ eini háskólinn sem sinnir að einhverju ráði rannsóknum í búvísindum. Starfsstöðvar skólans á landsbyggðinni utan höfuðstöðvanna á Hvanneyri þ.e. Möðruvellir, Stóra Ármót og Hestur hafa gengt þar þýðingarmiklu hlutverki. Starfsstöðvar fjærst höfuðstöðvunum, Möðruvellir og Stóra Ármót, eru staðsettar í blómlegum landbúnaðarhéruðum og er starfsemi LbhÍ þar í góðum tengslum við öflugar leiðbeiningamiðstöðvar héraðanna. Það er mikilvægt, jafnt fyrir LbhÍ og landbúnaðinn, að ekki einungis verði framhald á þessu samstarfi heldur verði það eftt.

Með hnattrænum breytingum á loftslagi og veðurfari, samfara miklum breytingum á heimsviðskiptum með landbúnaðarvörur, breytist staða íslensks landbúnaðar. Flest bendir til að íslensk jarðrækt fái aukið vægi og á það jafnt við um grasrækt, kornrækt og ræktun til kolefnisbindingar. Við þær aðstæður er mikilvægt að landbúnaðurinn eigi aðgang að viðfeðmri og hagkvæmri aðstöðu til jarðræktar- og umhverfisrannsókna.

Möðruvellir eru sérlega vel í sveit settir til slíkra rannsókna og jafnframt sem starfsstöð LbhÍ á Norðurlandi. Þeir búa yfir einstakri sögu og landkostum til umhverfis- og landbúnaðarrannsókna og þar er mjög góð aðstaða og hefð til að sinna slíkum rannsóknum og kennslu á þeim sviðum.

Allt stefnir í að helsta tilraunastöð landsins í jarðrækt, Korpa, verði látin víkja vegna útpenslu Reykjavíkurborgar. Því er mikilvægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um framtíðarskipulag jarðræktarrannsókna í landinu. Lagt er til að miðstöð þeirra rannsókna verði á Möðruvöllum enda landkostir og staðsetning óvída betri. Möðruvellir eru í blómlegri sveit og í hæfilegri fjarlægð frá þéttbýli

með mörgum mennta- og samstarfsstofnunum.

Einnig hefur verið sýnt fram á að Möðruvellir eru landfræðilega vel staðsettir til umhverfisrannsókna og -vöktunar og á liðinni öld hefur safnast þar mikið magn upplýsinga sem styðja slíkar rannsóknir.

Nýstofnað Amtmannssetur á Möðruvöllum sem Lbhí á hlut í, skapar nýjar víddir og getur orðið ramminn um tengsl við aðrar nálægar menntastofnanir og fræðslu á sviðum búvísinda, náttúrfræða og menningarsögu.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 hvetur Landbúnaðarháskóla Íslands til að marka skýra stefnu um uppbyggingu og verkefni starfsstöðva sinna utan Hvanneyrar. Þingið minnir á mikilvægi þess fyrir skólann að halda öflugri tengingu við hefðbundnar greinar landbúnaðarins og leiðbeiningastöðvarnar.

#### *Greinargerð:*

Eitt af meginhlutverkum Lbhí er að veita fræðslu og þjálfun fyrir fagfólk í landbúnaði og umhverfisfræðum. Sérstaða skólans fram yfir marga aðra háskóla er umfangsmikið rannsóknastarf og er Lbhí eini háskólinn sem sinnir að einhverju ráði rannsóknum í búvísindum.

Starfsstöðvar skólans á landsbyggðinni utan höfuðstöðvanna á Hvanneyri, þ.e. Möðruvellir, Stóra Ármót og Reykir, gegna þýðingarmiklu hlutverki. Umræddar starfsstöðvar eru í blómlegum landbúnaðarhéruðum fjarri höfuðstöðvunum og er starfsemi Lbhí þar í góðum tengslum við öflugar leiðbeiningamiðstöðvar héraðanna. Því er mikilvægt, jafnt fyrir skólann og landbúnaðinn, að þetta samstarf verði eftt.

Landbúnaðarháskólinn hefur verið í örur vexti og færir sig í auknum mæli inn á ný svið. Um þessar mundir er unnið að stefnumörkun fyrir skólann. Því er mikilvægt að horft sé til fyrrgreindra atriða í þeirri vinnu.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Þórarinn Ingi Pétursson

### **13. Gæði fóðurs og birgðir**

#### **Erindi Svínaræktarfélags Íslands**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að taka upp viðræður við stjórnvöld og fóðursala um hvernig betur megi tryggja gæði og birgðastöðu á innfluttu fóðri á hverjum tíma.

#### *Greinargerð:*

Á síðustu árum hafa verið tekið sýni af innfluttu korni hjá bændum þar sem allt að 15% af innihaldi kornsins hefur verið „mylsna, rusl, sandur og jafnvel grjóthnullungar“ svo vitnað sé beint í eftirlitsaðila. Tjón bænda af slíku er verulegt og því mikilvægt að núverandi eftirlit með innfluttu fóðri sé aukið. Núverandi eftirlit með innfluttu hráefni til fóðurgerðar byggist fyrst og fremst á pappírseftirliti, en dæmi eru um að ekki hafi verið tekið hráefnissýni hjá fóðursala í nokkur ár.

Þá hefur einnig ítrekað komið til þess á síðustu misserum að fóðursalar hafa ekki átt hráefni til fóðurgerðar. Mikilvægt er að fóðursalar hafi alltaf lágmarks birgðastöðu ef ófyrirséð áföll skella á s.s. skipskaði, verkföll, sjúkdómar o.þ.h.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að taka upp viðræður við stjórnvöld og fóðursala um hvernig betur megi tryggja gæði og birgðir á innfluttu fóðri á hverjum tíma. Í ljósi matvælaöryggis þarf að leggja sérstaka áherslu á að lágmarksbirgðir fóðurs séu að jafnaði til í landinu.

#### *Greinargerð:*

Óánægja hefur komið fram varðandi hreinleika hráefnis til fóðurgerðar og nauðsynlegt er að leita leiða til að bæta úr því. Núverandi eftirlit byggist fyrst og fremst á pappírur, en dæmi eru um að ekki hafi verið tekin hráefnissýni hjá fóðursala í nokkur ár. Nauðsynlegt er að efla þetta eftirlit.

Þá hefur einnig ítrekað komið til þess á síðustu misserum að fóðursalar hafa ekki átt hráefni til fóðurgerðar. Mikilvægt er að stjórnvöld leiti leiða til að tryggja að minnsta kosti þriggja mánaða birgðir fóðurs í landinu.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Þórarinn Ingi Pétursson

## 14. Brunavarnir

### 1. Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi

Búnaðarþing 2008 hvetur Bændasamtökin til að veita fjármunum úr búnaðarlagasamningi til brunavarnaáttaks í útihúsum á lögbýlum.

#### *Greinargerð:*

Undanfarnir misseri hafa orðið alvarleg tjón vegna bruna í útihúsum bænda. Ljóst er að víða er þörf á að lagfæra brunavarnir í útihúsum. Nú liggur fyrir að vinna þarf að endurskoðun búnaðarlagasamnings milli Bændasamtakanna og ríkisvaldsins og því möguleiki á að koma þessum þáttum inn í þá endurskoðun. Eingöngu yrði um ræða framlög út á viðurkennd brunavarnarkerfi.

**2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings** Búnaðarþing 2008 hvetur til þess að búnaðarsambönd, sveitarfélög, tryggingarfélög og félög bænda um allt land skoði brunavarnarmál í sveitum. Búnaðarþing felur BÍ að styðja við bakið á þeim sem hyggjast fara í slíkt átak.

#### *Greinargerð:*

Brunavörnum í sveitum er víða ábótavant. Á undanförunum árum hafa því miður orðið stórir brunar til sveita, með tilheyrandi eignartjóni. Mikilvægt er að brunavarnir séu í lagi en það getur skipt sköpum þegar kviknar í. Til að slökkvistarf geti gengið fyrir sig á sem skemmstum tíma þurfa upplýsingar um aðgengi t.d. að vatni, húsum að liggja fyrir, húsgerðir og fleira að vera til staðar. Búnaðarsamtök Vesturlands hafa komið af stað brunavarnarátaki til sveita sem miðar að því að koma brunavörnum í það horf að þær séu í lagi á bæjunum og allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir sem slökkvilið hefur síðan í sínum fótum. Einnig fer verkefnisstjóri yfir brunavarnir með ábúendum og hvað það er sem þeir geti gert til að slökkvistarf geti gengið sem greiðast fyrir sig. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

#### **Niðurstaða:**

Erindi vísað til stjórnar Bændasamtaka Íslands

## 15. Húsnæði BÍ

1. Erindi frá Einari Ófeigi Björnssyni, Rögnvaldi Ólafssyni og Gísla J. Grímssyni Búnaðarþing 2008 samþykkir að hefja sem allra fyrst endurbætur á húsnæði á gömlu þriðju hæðinni á Hótel Sögu. Þar verði gerð nútímaleg aðstaða fyrir skrifstofur Bændasamtaka Íslands. Með þessari ákvörðun markar búnaðarþing jafnframt þá stefnu að höfuðstöðvar Bændasamtaka Íslands skuli vera staðsettar á Hótel Sögu.

#### *Greinargerð:*

Hótel Ísland er til sölu. Verði Hótel Ísland selt á næstu misserum losnar um eitthvert fjármagn sem nýta mætti í endurbætur á þriðju hæðinni á Hótel Sögu. Það er löngu komin tími á að taka þetta

húsnæði í gegn og gera það nútímalegra, um leið og vinnusaðstaða starfsmanna bændasamtakanna ætti að geta batnað verulega.

## 2. Lagt fyrir af stjórn BÍ

Stjórn stefnir að því að gera upp skrifstofur BÍ á 3ju hæð (eldri álma) með það fyrir augum að þar verði höfuðstöðvar BÍ til næstu 8-10 ára. Jafnframt að þjappa saman starfsemi í höfuðstöðvum t.d. með því að færa tölvudeild upp á 3ju hæð. Stefna þarf að góðri vinnuaðstöðu starfsfólks og aðlaðandi vinnuumhverfi.

Stefnt er að því að minnka umfang á hótélrekstri, með því að selja Hótel Ísland. Endurskoða fjármálaleg samskipti á milli BÍ og Hótel Sögu.

### Ályktun:

Búnaðarþing 2008 heimilar stjórn Bændasamtaka Íslands að hefja endurbætur á skrifstofuhúsnæði Bændasamtakanna.

Stefna þarf að góðu og aðlaðandi vinnuumhverfi starfsmanna. Stjórn er jafnframt heimilað að selja norðurálmú þriðju hæðar Bændahallarinnar til Hótel Sögu.

Birna Þorsteinsdóttir  
Egill Sigurðsson  
Einar Ófeigur Björnsson  
Guðmundur Davíðsson  
Guðrún Sigurjónsdóttir  
Karl Kristjánsson  
Örn Bergsson

## 16. Vistforeldrar í sveitum

### Erindi Landssamtaka vistforeldra í sveitum

Búnaðarþing 2008 samþykkir að veita LVS (Landsamtökum vistforeldra í sveitum) endurgjaldslausu ráðgjöf starfsmanna BÍ og aðstoð við framkvæmd átaksverkefnisins Sveitin – lærdú, lifðu!

Jafnframt er stjórn BÍ falið í samvinnu við stjórn LVS að leita leiða til að knýja félagsmálayfirvöld í landinu til að ganga til samninga um samræmdar reglur hvað varðar launakjör og þjónustu við vistforeldra og þjónustu við skjólstæðinga þeirra.

### Greinargerð:

Búnaðarþing 2008 samþykkir að veita LVS (Landsamtökum vistforeldra í sveitum) endurgjaldslausu ráðgjöf starfsmanna BÍ og aðstoð við framkvæmd átaksverkefnisins Sveitin – lærdú, lifðu!  
Jafnframt er stjórn BÍ falið í samvinnu við stjórn LVS að leita leiða til að knýja félagsmálayfirvöld í landinu til að ganga til samninga um samræmdar reglur hvað varðar launakjör og þjónustu við vistforeldra og þjónustu við skjólstæðinga þeirra.

### Ályktun:

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að styðja við starfsemi Landssamtaka vistforeldra í sveitum.

Birna Þorsteinsdóttir  
Egill Sigurðsson  
Einar Ófeigur Björnsson  
Guðmundur Davíðsson  
Guðrún Sigurjónsdóttir  
Karl Kristjánsson  
Örn Bergsson

## 17. Merking íslenskra landbúnaðarvara

### 1. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

„Búnaðarsamband Skagfirðinga beinir því til Búnaðarþings 2008 að unnið verði að því að allar íslenskar landbúnaðarafurðir verði auðkenndar sem íslenskar (með merki, logo). Einnig sé gerð krafa um að upprunaland landbúnaðarafurða sé greinilega skráð.

#### *Greinargerð:*

Með auknum innflutningi landbúnaðarafurða er nauðsynlegt að neytendur séu upplýstir um uppruna þeirra, þannig að þeir geti haft upplýst val”.

### 2. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambanda Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2008 hvetur stjórn BÍ að hraða vinnu við undirbúning að merkingu íslenskra landbúnaðarvara.

#### *Greinargerð:*

Það er réttur neytenda að vita hvaðan varan er upprunnin sem þeir eru að kaupa. Það hefur ítrekað komið fram í könnunum að íslenskir neytendur eru almennt ánægðir með íslenska vöru og treysta því að hún sé örugg. Einnig sýna niðurstöður sýnataka og lág tíðni matarsýkinga fram á öryggi á heimsmælikvarða. Matvælaöryggi verður ekki tryggt nema að neytendur viti hvað þeir eru að kaupa. Það er óviðunandi fyrir íslenska framleiðendur að erlendar vörur séu seldar sem íslenskar og njóti þar með velvildar neytenda á fölskum forsendum.

### 3. Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi

Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að hraða verði vinnu við samræmda merkingu íslenskra matvæla í samræmi við ályktun búnaðarþings frá árinu 2007 um jafnræði í heilbrigðiskröfum og merkingu matvæla.

### 4. Erindi Svínaræktarfélag Íslands

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að hraða þeirri vinnu að eitt merki á matvæli fyrir innlenda búvöru verði tekið upp. Er lagt til að merki grænmetisbænda verði notað í þeim tilgangi enda merkið búið að skapa sér jákvæða ímynd á meðal neytenda.

#### *Greinargerð:*

Aðgerðir stjórnvalda á síðasta ári sem m.a. fólu í sér lækkingu á tollum á innfluttum matvælum um 40% og umtalsverða aukningu á svokölluðum magntollum munu auka innflutning á matvælum. Þá stýttist í að upptaka á ákvæðum í EES samningi heimili innflutning á hráu kjöti til landsins frá aðildalöndum Evrópusambandsins. Það er því eitt brýnasta hagsmunamál íslensk landbúnaðar að sameiginlegt merki verði tekið upp fyrir innlenda búvöru. Slíkt mun einnig mælast vel fyrir hjá neytendum sem almennt velja íslenska framleiðslu.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 fagnar því að vinna er komin vel á veg við sérstaka upprunamerkingu á íslenskum búvörum. Skýrar reglur og öflugt eftirlit þarf að vera með notkun merkisins til að tryggja áreiðanleika þess. Gera þarf tímasetta aðgerðaráætlun við innleiðingu og kynningu á merkinu og tryggja til þess fjármagn. Jafnframt að skert verði á reglum um merkingu upprunalands innfluttra landbúnaðarafurða. Þingið leggur áherslu á að verkinu verði hraðað.

#### *Greinargerð:*

Í ljósi aukins innflutnings á matvælum er brýnt að innleiða merkingu á íslenskar búvörur. Ljóst er að merkingar á innfluttri búvöru gefa ekki alltaf rétta mynd af uppruna hennar, heldur frekar um vinnslu- eða pökkunarland.

Á vegum BÍ, í samráði við búgreinar, er unnið að því að fá að gera fánarönd Sambands garðyrkjubænda að merki fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir.

Fylgja þarf verkefninu vel eftir og móta reglur um notkun merkisins og eftirlit með notkun þess. Réttur neytenda er að geta treyst upplýsingum um íslenskan uppruna landbúnaðarvara. Tryggja þarf

kröftugt kynningarstarf og fjármagn til að ljúka verkefninu.

Guðbjörg Jónsdóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Jónsson  
Ingvi Stefánsson  
Jóhann Ragnarsson  
Jóhannes Sigfússon  
Jón Gíslason

## 18. Kynningarmál

### **Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings**

Búnaðarþing 2008 hvetur til þess að upplýsinga- og kynningarsvið BÍ verði eft til að geta stutt við og haft yfirumsjón með markvissu kynningarstarfi á íslenskum landbúnaði.

#### *Greinargerð:*

Búnaðarþing 2008 vill vekja athygli á því hversu mikilvægt markvisst kynningarstarf er fyrir íslenskan landbúnað. Bil milli þéttbýlis og dreifbýlis verður sífellt breiðara og því er nauðsynlegt að leita allra leiða til að kynna landbúnaðinn í heild sinni. Nú þegar eru í gangi verkefni sem einkum beinast að leik- og grunnskólabörnum, en vaxandi eftirspurn er eftir því fyrir aðra hópa að fá að koma heim á bæi og kynnast nútíma búskap af eigin raun. Því er mikilvægt að efla Upplýsinga- og kynningarsvið BÍ sem hefur yfirumsjón með verkefnum sem þessum.

#### **Niðurstaða:**

Erindi vísað til stjórnar Bændasamtaka Íslands

## 19. Gripagreiðslur nautkálfa

### **Erindi Búnaðarsambands Austurlands**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ og LK að þær hlutist til um að greiddar verði gripagreiðslur út á alla nautkálfa sem aldir eru upp til kjötframleiðslu og lagðir eru inn í sláturhús. Lagt er til að fjármunir þeir sem eftir stóðu af mjólkursamningi og nýta átti til jarðræktar verði notaðir í þessar greiðslur.

#### *Greinargerð:*

Framleiðsla á ungnautakjöti (UN) árið 2006 var 1.863.190 kg og af því fóru 229.832 kg í úrválsflokka, sem gera má ráð fyrir að sé að stórum hluta af blendingsgripum eða hreinum holdagripum. Það eru 12,3% af heildarmagni ungnautakjöts. Það er því alveg örugglega óhætt að segja að a.m.k. 10% er af þessum gripum. Gripagreiðslur eru greiddar á allar kýr, þar á meðal holdakýr sem ala nautgripi til kjötframleiðslu. Það er augljóst að stærsti hluti framleidds nautakjöts er framleitt án stuðnings. Ekki eru allir mjólkurframleiðendur sem hafa tök á að ala nautkálfa til kjötframleiðslu og selja þá á önnur bú til áframeldis. Þessir bændur fá engar gripagreiðslur og standa því ekki jafnfætis þeim nautakjötsframleiðendum sem eru með holdakýr. Vöntun er á nautgripakjöti í landinu og flutt voru inn 549 tonn árið 2006.

Gripagreiðslurnar má greiða eftir að gripir eru sendir í sláturhús þannig að ekki sé verið að greiða fyrir gripir sem lógað er heima og hvergi koma fram.

**Niðurstaða:** Kom ekki úr nefnd.

## 20. Málefni mjólkurframleiðslu

### **Erindi búnaðarþingsfulltrús á Suðurlandi**

Búnaðarþing 2008 skorar á sjávar- og landbúnaðarráðherra að eyða nú þegar þeirri réttaróvissu sem ríkir um framleiðslu mjólkur með eða án greiðslumarks svo og afsetningu afurðastöðva á umfram mjólk.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að eyða þeirri óvissu sem ríkir um afsetningu afurðastöðva á mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark.

Guðbjörg Jónsdóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Jóhann Ragnarsson  
Jóhannes Sigfússon  
Jón Gíslason  
Ingvi Stefánsson

## **21. Beint frá býli**

### **Erindi Félags ferðaþjónustubænda**

Félag ferðaþjónustubænda óskar eftir því við búnaðarþing 2008 að það beini því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að hún auki vægi vinnu við Beint frá býli á árinu 2008 með fjárstuðningi við verkefnið ásamt því að í samningum við yfirvöld verði tekið tillit til þessarar starfsemi bænda með beinum stuðningi og tilslökunum á reglum.

#### *Greinargerð:*

Miklar vonir eru bundnar við verkefnið Beint frá býli og að bændur á Íslandi geti á sama hátt framleitt og selt sínar afurðir beint til neytandans. Stuðningur við framgöngu verkefnisins svo og samningar og samvinna við opinberar stofnanir og fyrirtæki um að þessi starfsemi nái fótfesti er mjög mikilvægur. Líta má til nágrannalanda okkar til að sjá hvaða tókum þau hafa tekið þetta málefni og stutt við matvælaframleiðslu í smáum stíl sem skilar hágæða matvöru á háu verði til kaupandans.

### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að hún styðji við stofnun samtakanna Beint frá býli.

#### *Greinargerð:*

Vaxandi áhugi er fyrir heimavinnslu afurða meðal bænda og voru samtökin Beint frá býli stofnuð 29. febrúar 2008. Miklar vonir eru bundnar við verkefnið beint frá býli. Samtökin þurfa nú að marka sér stefnu til framtíðar. Setja þarf reglur um kröfur til framleiðslunnar og hvernig haldið verði utan um hana. Mikilvægt er að Bændasamtök Íslands veiti samtökunum faglegan stuðning við þá vinnu sem er framundan.

Guðbjörg Jónsdóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Jónsson  
Ingvi Stefánsson  
Jóhann Ragnarsson  
Jóhannes Sigfússon  
Jón Gíslason

## **22. Greiðslur ferðakostnaðar**

### **Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi**

Búnaðarþing 2008 skorar á Tryggingaráð að færa greiðslur ferðakostnaðar, vegna meðferðar á sjúkdómum, til raunkostnaðar. Það er, þegar ekki er boðið upp á sjúkdómameðferð á heimaslóðum.

#### *Greinargerð:*

Á árinu 2008 er greitt 2/3 af 19,35 kr./km meðan ferðakostnaðarnefnd ríkisins metur akstur upp á 71,50 kr/km. Erfitt er að sjá réttlætingu á þessum mun. Að auki er greiðslupátttaka sjúklings 500 til 1.500 kr. í ferð.

Samkvæmt 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 skulu sjúkratryggingar veita meðal annars



þá hjálp sem segir í j.-lið: "Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar".

Í stjórnarskrá Lýðveldisins (lög nr. 33/1944) í 76. grein segir einnig: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Loks er að geta ákvæða 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem voru staðfest hér á landi 28. ágúst 1979 en þar segir í 26. gr.: Allir eru jafnir fyrir lögnum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögín skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ættærnis eða annarra aðstæðna.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á félagsmálaráðherra að breyta reglum um endurgreiðslu ferðakostnaðar sem fellur til hjá einstaklingum sem sækja þurfa lækniþjónustu út fyrir heimahérað. Reglurnar þurfa að vera þannig að ferðakostnaður sem af slíku hlýst sé endurgreiddur að fullu.

#### *Greinargerð:*

Kostnaður fólks sem býr úti á landi og þarf oft að sækja lækniþjónustu um langan veg getur verið gríðarlegur. Núgildandi reglur eru flókna og illskiljanlegar. Það er nægjanlegt álag fyrir alla aðila að verða fyrir áföllum vegna alvarlegra sjúkdóma. Óviðunandi er að við það bætist hjá landsbyggðarfólki verulega íþyngjandi ferðakostnaður vegna lækni meðferða.

Birna Þorsteinsdóttir  
Egill Sigurðsson  
Einar Ófeigur Björnsson  
Guðmundur Davíðsson  
Guðrún Sigurjónsdóttir  
Karl Kristjánsson  
Örn Bergsson

## **23. Gjöld á fóðurlöndur**

### **Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi**

Búnaðarþing skorar á sjávar- og landbúnaðarráðherra að fella nú þegar niður þann fóðurtoll sem er á tilbúnum fóðurlöndunum. Slíkur fóðurtollur er íþyngjandi fyrir þær búgreinar sem nota kjarnfóður í framleiðslu sína og hækka þannig verð á afurðum þeirra. Jafnframt er þessi fóðurtollur samkeppnishamlandi á markaði sem nú þegar er fákeppnismarkaður.

**Niðurstaða:** Afgreitt með máli nr. 44.

## **24. Verðhækkningar á aðföngum**

### **1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnespings**

Búnaðarþing 2008 lýsir yfir þungum áhyggjum vegna mikilla verðhækkana á ýmsum aðföngum til búvöruframleiðslunnar, svo sem á olíu, áburði og kjarnfóðri og áhrifum þess á kjör bænda í landinu. Búnaðarþing skorar á stjórnvöld að afnema tolla af kjarnfóðri og lækka olíugjöld. Jafnframt bendir þingið á að um leið og rekstrarvörur bænda hækka er nauðsynlegt að afurðaverð til bænda hækki í kjölfarið.

### **2. Erindi Búnaðarsambands Austurlands**

Búnaðarþing 2008 lýsir þungum áhyggjum af miklum verðhækkunum á rekstrarvörum til framleiðslu landbúnaðarværa. Skorar þingið á stjórnvöld að draga úr skattheimtu er leggst á rekstrarvörur svo draga megi úr verðhækkunum innlendrar landbúnaðarframleiðslu til neytenda.

### **3. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga**

„Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga leggur til við búnaðarþing 2008 að það taki til sérstakrar

umræðu þann vanda sem steðjar að rekstrarumhverfi landbúnaðarins vegna gífurlegra verðhækkana á megin kostnaðarliðum hans, og meti leiðir til úrbóta.

*Greinargerð:*

Gífurlegar hækkanir hafa orðið og eru í farvatninu á helstu kostnaðarliðum landbúnaðarins. Um er að ræða miklar hækkanir á fóðurverði sem rekja má að einhverju leyti til hækkana á heimsmarkaðsverði. Einnig telur stjórn BSS að verðhækkanir megi rekja beint til fákeppni á íslenskum fóðurmarkaði.

Spáð er að a.m.k. 40% hækkun á áburðarverði og sáðvörur hafa almennt hækkað. Þá eru ótaldar hækkanir á olíu, rafmagni og aðkeyptri þjónustu auk hækkana á vöxtum og verðbótum lána“.

#### **4. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2008 að standa vörð um kjör bænda í ljósi gríðarlegra hækkana á aðföngum til landbúnaðar.

**Niðurstaða:** Afgreitt með máli nr. 44.

## **25. Jöfnuður til náms**

Erindi búnaðarþingsfulltrúanna Arnars Bergssonar og Guðrúnar Stefánsdóttur Búnaðarþing 2008 skorar á menntamálaráðherra að sjá til þess að námskostnaður ungmenna sem þurfa að sækja framhaldsskóla fjarri heimili sínu verði ekki meiri en annarra.

*Greinargerð:*

Ljóst er að jöfnunarstyrkir til náms hafa ekki fylgt verðlagsþróun og fjárveitingar ekki tekið mið af kostnaðarhækkun og fjölgun nemenda.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á menntamálaráðherra og fjármálaráðherra að hækka jöfnunarstyrki til samræmis við raunverulegan kostnað við nám, og tryggja þannig jafna möguleika ungmenna til framhaldsskólanáms, óháð búsetu.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

## **26. Rannsóknir á innfluttum matvælum**

### **Erindi búnaðarþingsfulltrúa á Suðurlandi**

Búnaðarþing 2008 samþykkir að veitt verði fjármagni frá Bændasamtökunum til rannsókna á innfluttum matvælum. Markmið þessa verkefnis væri að skoða hvort vörurnar standist kröfur sem gerðar eru til heilbrigðis matvæla hérlendis.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að gerðar séu sambærilegar rannsóknir á gæðum innfluttra búvara og gerðar eru á íslenskum búvörum. Þingið felur stjórn BÍ að fylgja málinu eftir við hlutaðeigandi yfirvöld.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

## 27. Starfshópur um Selen í landbúnaði

Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarþing 2008 felur BÍ, í samvinnu við LBHÍ og Matvælastofnun, að tilnefna starfshóp til að ákvarða hvort vænlegt geti talist að blanda seleni í hæfilegu magni í verulegan hluta eða allan tilbúinn áburð hér á landi.

*Greinargerð:*

Á grundvelli þeirra efnagreininga á túngróðri, sem gerðar hafa verið hér á landi, ekki síst hin síðari ár, má fullyrða að skortur á selen sé meiri og víðtækari en á nokkru öðru efni, sem mælt hefur verið. Kemur þetta vel fram í grein Grétars Hrafns Harðarsonar o. fl. "Styrkur snefilefna í heyi" á fræðaðingi landbúnaðarins 2006.

Einkum er athyglisvert hversu ástand selenmagns virðist lélegt um allt land þar sem eingöngu 1% af þeim 200 sýnum, sem mæld voru í fyrri sláttarheysýnum um allt land sumarið 2003, rétt náðu algjörum lágmarkspörfum búfjár (0,1 mg/kg þurrefnis), en meðalgildið allra sýnanna reyndist hins vegar 10 x sinnum lægra (0,01 mg/kg þe.).

Þetta er mjög sambærilegt selenmagni í finnskum gróðri fyrir 1985, sem varð til þess að 6mg af seleni var bætt í hvert kg af öllum tilbúnum áburð á graslandi þar í landi frá 1985, sem gerði það að verkum að selenmagnið í gróðri óx u.þ.b. tífalt, eða í 0,1-0,2 mg/kg í þ.e. Á þessu hefur orðið framhald, enda endurspegladist aukning Se einnig í fæðu til mannelis mjög greinilega.

Af sömu ástæðum og Finnar, hafa Nýsjálendingar einnig blandað Se í allan tilbúinn áburð hjá sér um árabíl.

Óhætt er að segja að selenskortur í búfé sé mjög víðtækur hér á landi þar sem stíuskjögur, einkum meðal ungvíðis í sauðfé, en einnig í nautgripum og hrossum, hefur verið mest áberandi, þótt fleira geti komið til, eins og júgurheilbrigði, fósturdauði, þrif o. fl.

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að fyrirbyggja og lækna selenskort, bæði með sprautulyfjum, íblöndun í saltsteina og fóður o. fl. Þótt þessar aðferðir hafi oftast reynst vel, þá kosta þær árvekni, kostnað og nokkra fyrirhöfn. Þá er selenið hér enn sem komið er, nánast eingöngu í ólífrænu formi, sem nýtist misvel og ekki nærri eins vel og í lífrænu formi, eins og til dæmis það selen, sem er bundið í gróðri, auk manngerðra efna (t.d. Sel-Plex) sem, enn sem komið er, eru kostnaðarsöm og vandmeðfarin.

Af framansögðu er eðlilegt að velta því alvarlega fyrir sér, hvort ekki sé fyllilega tími til kominn hér á landi að fara að dæmi Finna og Nýsjálendinga og blanda seleni í áburð að verulegu, eða öllu leyti og rétt að nefna hér á eftir stuttlega helsu kosti við það:

### **Einföld aðgerð**

Tryggir selen á nánast náttúrulegan hátt í grunnfóðrinu (þ.e. gróffóðri) allt gjafatímabilið að meðtalinni beit. Líkur benda til að selen í náttúrulegum hálendisgróðri sé í mun meiri mæli, en í túngróðri.

Yfirgnæfandi líkur benda til þess að selen, uppekið úr tilbúnum áburði, sé að finna að verulegu leyti í lífrænu formi (metionin o. fl. aminosýrum), sem nýtist skepnum mun betur en Se í ólífrænu formi og tryggir sérstaklega selenforða í próteinvef og nýtist t.d. sauðfé best, þegar þörfin er mest á síðari hluta vetrar og á sauðburði.

Eitrunarhætta selengjafar er minni en af er látið innan skynsamlegra marka og hverfandi ef það er í lífrænu formi.

Vinnur gegn líkum á minni upptöku á seleni í plöntum og nýtingu í skepnum vegna viðbættis brennisteins í áburði, sem þó er víðast hvar nauðsynlegur, enda íblandaður á allar okkar áburðartegundir.

Nefna má einkum tvo eftirtalda annmarka því samfara að blanda seleni í tilbúinn áburð:

### **Kostnaður**

Uptaka plantna í því formi, sem notað er t.d. í Finnlandi er lág, eða um 10%

Varðandi kostnaðinn væri fróðlegt að bera hann saman við þann kostnað, sem Finnar telja hann vera hjá sér og reyna að ná honum niður, miðað við að fá hann í sem flestar tegundir.

Þótt upptakan sé að sönnu lág, er þess að geta að þannig háttar einnig til með ýmis önnur efni, sem

borin eru á í mun ríkari mæli, eins og fosfór án þess að menn geri sér rellu út af því.

Allt það, sem hér að ofan er talið og fleira til, þarf auðvitað að skoða og athuga nánar, áður en ákvörðun um jafnvíðtæka aðgerð og hér um ræðir er afgreidd. Má þar nefna væntanlega útkomu úr nýgerðum áburðartilraunum með selenáburð í tengslum við kálfadauðaverkefnið, auk þess sem vert væri að líta á stöðu E-vítamíns í fóðri, sem vinnur á svipuðum vígstöðvum víða í lífsstarfsemi dýra og manna.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 felur stjórn BÍ, í samvinnu við LBHÍ og Matvælastofnun, að tilnefna starfshóp til að skoða með hvaða hætti vænlegt er að bæta upp skort á seleni og öðrum snefilefnum í gróffóðri hér á landi.

Edda Björnsdóttir  
Guðni Einarsson  
Jón Benediktsson  
Jónas Helgason  
Nanna Jónsdóttir  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson  
Sædís Guðlaugsdóttir

## 28. Sjúkdómarannsóknir

**Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda**

Búnaðarþing 2008 lýsir áhyggjum sínum af fyrirkomulagi og kostnaði vegna dýrarannsóknna. Svo virðist sem Tilraunastöðin að Keldum taki ekki lengur við skepnum til rannsóknar nema með úrskurði dýralæknis og að bóndi skuli greiða fyrir rannsóknina að fullu. Sá kostnaður er í sumum tilvikum margfalt gripsverð. Verði þessi háttur hafður á til frambúðar, er ljóst að mjög mun draga úr vilja bænda til að grafast fyrir um dauðaorsök einstakra gripa á búum sínum. Það mun koma niður á baráttunni gegn smitsjúkdómum. Einnig beinir búnaðarþing því til stjórnar BÍ að sjá til þess að greiningum á heilasýnum vegna riðuveiki í sauðfé verði hraðað.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 gerir þá kröfu til Matvælastofnunar og rannsóknaraðila dýrasýna, að tölur og rannsóknir á sýnum úr dýrum sem drepast af óþekktum orsökum verði viðkomandi bónda ávallt án kostnaðar, svo fremi sem sýnataka fari fram með samþykki héraðsdýralæknis eða staðgengils hans.

*Greinargerð:*

Heimildir eru fyrir því að bændur hafi þurft að greiða tölur og rannsóknir dýrasýna, þar sem reynt er að finna dánarorsök. Eigi bændur á hættu að þurfa að bera kostnað af slíku, er ólíklegt að sýni berist til rannsókna úr dýrum sem drepast af ókunnum ástæðum. Þetta getur hindrað mikilvæga upplýsingasöfnun um sjúkdóma og dánarorsakir dýra.

Búnaðarþing 2008 mælir því með að sýnataka og rannsóknir á dauðum dýrum verði bændum ávallt að kostnaðarlausu, sé rétt til þeirra stofnað.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson

## 29. Rafkyndikostnaður

**Erindi Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga**

Búnaðarþing 2008 beinir því til iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum styrkveitingum vegna aðgerða sem draga úr kostnaði vegna kyndingar á köldum svæðum, þannig að styrkur fái út á hverjar þær aðgerðir sem sannanlega draga úr upphitunarkostnaði. Lagabreytinga kann að vera þörf.

#### *Greinargerð:*

Upphitun íbúðarhúsa er með stærri útgjaldaliðum á hverju heimili sem staðsett er á köldu svæði. Í dag er í gangi tilraunaverkefni þar sem greiddur er styrkur út á að bæta einangrun. Einnig eru greiddir styrkir til að koma upp hitaveitum. Styrkirnir (eingreiðslurnar) nema 8 ára niðurgreiðslum hjá notandanum og skiptast milli hitaveitunnar og notandans í þeim hlutföllum sem hitaveitan ákveður. Þeir eru þannig reiknaðir að kannað er hver meðalorkunotkun hefur verið hjá notandanum s.l. fimm ár og sú notkun margfölduð með niðurgreiðslunni (kr/kWst) m.v. átta ár.

Ekki er hins vegar greitt út á að koma upp varmadælum. Hámark niðurgreiðslu hjá þeim sem nota varmadælu er 13.333 kWst/ári en 40.000 kWst/ári hjá þeim sem nota rafhitun.

Varmadælar henta þrýðilega til að draga úr kostnaði við upphitun á köldum svæðum, sérstaklega þar sem volgt vatn er til staðar. Einnig er nú í seinni tíð farið að setja upp loftvarmadælar sem geta sparað verulega í kyndikostnaði. Tækninni í þessum búnaði fleygir stöðugt fram þannig að það sem ekki þótti raunhæft fyrir nokkrum árum kann að vera raunhæft nú. Fleiri kostir til orkuöflunar kunna að koma fram á næstu árum og eru jafnvel nú þegar til staðar.

Í dag fæst eingöngu styrkur vegna lagningar hitaveitu á rafhitunarsvæðum, samkvæmt lögum 78/2002 enda detta notendur alveg út af niðurgreiðslum við þá aðgerð. Aðrar aðgerðir sem leiða til lækkunar á hitunarkostnaði, ættu einnig að njóta styrkja enda lækkar bæði kostnaður notandans og ríkisvaldsins (niðurgreiðslurnar). Þeir sem vilja lækka hitunarkostnað sinn hvort heldur það er gert með hitaveitu, heimarafstöð, bættri einangrun, uppsetningu varmadælu eða annarri orkuöflun lækka jafnframt kostnað ríkissjóð (niðurgreiðslurnar) þótt þeir þurfi í sumum tilfellum að þiggja þær áfram, en í minna mæli vegna fyrrnefndra aðgerða.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 beinir því til iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum styrkveitingum vegna aðgerða sem draga úr kostnaði vegna kyndingar íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum, þannig að styrkur fái út á aðgerðir sem sannanlega draga úr upphitunarkostnaði. Lagabreytinga kann að vera þörf.

#### *Greinargerð:*

Upphitun íbúðarhúsa er með stærri útgjaldaliðum á hverju heimili sem staðsett er á köldu svæði. Í dag er í gangi tilraunaverkefni þar sem greiddur er styrkur út á að bæta einangrun. Einnig eru greiddir styrkir til að koma upp hitaveitum. Styrkirnir (eingreiðslurnar) nema 8 ára niðurgreiðslum hjá notandanum og skiptast milli hitaveitunnar og notandans í þeim hlutföllum sem hitaveitan ákveður. Þeir eru þannig reiknaðir að kannað er hver meðalorkunotkun hefur verið hjá notandanum s.l. fimm ár og sú notkun margfölduð með niðurgreiðslunni (kr/kWst) m.v. átta ár.

Ekki er hins vegar greitt út á að koma upp varmadælum. Hámark niðurgreiðslu hjá þeim sem nota varmadælu er 13.333 kWst/ári en 40.000 kWst/ári hjá þeim sem nota rafhitun. Varmadælar henta þrýðilega til að draga úr kostnaði við upphitun á köldum svæðum, sérstaklega þar sem volgt vatn er til staðar. Einnig er nú í seinni tíð farið að setja upp loftvarmadælar sem geta sparað verulega í kyndikostnaði. Tækninni í þessum búnaði fleygir stöðugt fram þannig að það sem ekki þótti raunhæft fyrir nokkrum árum kann að vera raunhæft nú. Fleiri kostir til orkuöflunar kunna að koma fram á næstu árum og eru jafnvel nú þegar til staðar.

Í dag fæst eingöngu styrkur vegna lagningar hitaveitu á rafhitunarsvæðum, samkvæmt lögum 78/2002 enda detta notendur alveg út af niðurgreiðslum við þá aðgerð. Aðrar aðgerðir sem leiða til lækkunar á hitunarkostnaði, ættu einnig að njóta styrkja enda lækkar bæði kostnaður notandans og ríkisvaldsins (niðurgreiðslurnar). Þeir sem vilja lækka hitunarkostnað sinn hvort heldur það er gert með hitaveitu, heimarafstöð, bættri einangrun, uppsetningu varmadælu eða annarri orkuöflun lækka jafnframt kostnað ríkissjóð (niðurgreiðslurnar) þótt þeir þurfi í sumum tilfellum að þiggja þær áfram, en í minna mæli vegna fyrrnefndra aðgerða.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

### 30. Skattlagning ökutækja

#### **Erindi Guðrúnar Stefánsdóttur, Hlíðarendakoti**

Búnaðarþing 2008 skorar á Ríkisstjórn Íslands að lækka gjöld og skattaálögur á díselolíu og vera sjálfri sér samkvæm í að draga úr koltvísýringslosun í samræmi við Kyoto-samþykktina. Og koma á móts við dreifbýlisíbúa sem oft eiga um langan og erfiðan veg að fara til að sækja nauðsynjar.

#### *Greinargerð:*

Díselbílar eru taldir menga minna en bensínbílar. Bændur eins og svo margir á landsbyggðinni þurfa að eiga jeppa til að komast leiðar sinnar. Lækkun á verði díselolíu væri mikið hagsmunamál fyrir þá og stuðla að notkun díselbíla frekar en bensínbíla sem myndi draga úr koltvísýringismengun.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á Ríkisstjórn Íslands að lækka gjöld og skattaálögur á díselolíu og stuðla þannig að notkun díselbíla frekar en bensínbíla sem myndi draga úr koltvísýringismengun.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

### 31. Raforkudreifing

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarþing 2008 vill ítreka þá kröfu atvinnurekenda til sveita að þeir sitji allir við sama borð varðandi kaup á raforku þ.m.t. þriggja fasa rafmagni. Þingið hvetur BÍ til þess að standa vel við bakið á atvinnurekendum til sveita við að ná þessu fram.

#### *Greinargerð:*

Ljóst er að mikil mismunun á sér stað við sölu og dreifingu á raforku. Það er lágmarkskrafa að atvinnuvegunum skuli vera búin sama aðstaða óháð staðsetningu. Þrífasa rafmagn er oft forsenda fyrir notkun ýmiss konar tækni til sveita og því mikilvægt að allir hafi jafnan aðgang að því. Nú er staðan hins vegar sú að einstakir aðilar þurfa að kosta lagningu dreifikerfisins og aðrir notendur njóta góðs af því. Slíkt er ekki viðunandi.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á stjórnvöld að setja fjármuni í þrífösun á rafmagni í dreifbýli og felur stjórn BÍ að fylgja málinu fast eftir.

#### *Greinargerð:*

Seljendur rafmagns hafa undanfarin ár varið fjármunum til endurnýjunar á dreifikerfinu á landsbyggðinni. Núverandi staða og áætlanir þeirra gera ráð fyrir að endurnýjun sem tryggja muni aðgengi allra að þriggja fasa rafmagni muni taka um aldarfjórðung. Því verður ekki flýtt nema til komi auknir fjármunir til verkefnisins. Búnaðarþing telur því rétt að stjórnvöld setji fjármuni í átaksverkefni á þessu sviði til nokkurra ára svo flýta megi þróuninni, enda mikið hagsmunamál fyrir alla atvinnustarfsemi í dreifbýli.

Guðbjörg Jónsdóttir  
Guðrún Stefánsdóttir  
Gunnar Jónsson  
Ingvi Stefánsson  
Jóhann Ragnarsson  
Jóhannes Sigfússon  
Jón Gíslason

### 32. Hagkvæmni áburðarframleiðslu

#### Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2008 að skoðað verði hvort hagkvæmt geti verið að hefja aftur innlenda framleiðslu á áburði m.a. með hliðsjón af hækkandi áburðarverði.

#### Ályktun:

Búnaðarþing 2008 beinir því til iðnarráðuneytisins að könnuð verði hagkvæmni þess að hefja aftur köfnunarefnisframleiðslu og blöndun á áburði hér á landi, m.a. með hliðsjón af hækkandi áburðarverði.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

### 33. Skattlagning vegna niðurskurðar riðu

#### Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2008 að skoðað verði hvort hægt sé að gera þeim sauðfjárbændum sem þurfa að skera niður bústofn vegna riðu kleyft að fresta skattgreiðslum af bústofnsbótum þar til endurnýjun bústofns hefur farið fram.

**Niðurstaða:** Erindi vísað til stjórnar BÍ.

### 34. Verð á rekstrarvörum

#### Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2008 beinir því til stjórnar BÍ að hún afli reglulegra upplýsinga um útsöluverð og verðmyndun helstu rekstrarvara til landbúnaðar í nágrennlöndum okkar. Sérstaklega er þar átt við tilbúinn áburð, kjarnfóður og rúlluplast. Upplýsingarnar skulu birtar opinberlega.

#### Greinargerð:

Bændur hafa undanfarið horft á miklar verðhækkanir á kjarnfóðri og áburði. Kjarnfóður hefur hækkað ítrekað og spáð var allt að 60% verðhækkun á áburði hérlendis árið 2008 en á sama tíma voru dæmi um að áburður í Noregi hækkaði mun minna eða um 10-20% á milli ára í þarlandum gjaldmiðli. Breytingar urðu einnig á verðmyndun rúlluplasts um áramót þegar að úrvinnslugjald lækkaði úr 25 krónum á kíló niður í þrjár krónur. Sjaldan hefur því verið nauðsynlegra að bændur hafi aðgang að góðum upplýsingum um verð og verðmyndun á rekstrarvörum í helstu nágrennlöndum til að bera saman við þau verð sem þeim bjóðast. Með því hafa þeir betri tækifæri til að veita sínum birgjum aðhald, bæta rekstur sinn og halda aftur af hækkunum á matvælaverði hérlendis.

**Niðurstaða:** Afgreitt með máli nr. 44

### 35. Flutningsjöfnun á olíu

#### Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

Búnaðarþing 2008 hvetur stjórnvöld til að falla frá áformum um að leggja niður Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Íbúar í dreifbýli búa nú þegar við verulega hærra eldsneytisverð á lítra þrátt fyrir flutningsjöfnun. Verði henni hætt mun það eitt og sér leiða til allt að 5 króna hækkun á bensíni og rúmlega 8 króna hækkunar á dísilolíu. Sú ráðstöfun mun auka enn á þann aðstöðumun sem er á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar á sama tíma og dreifbýlið þarf að kljást við afleiðingar mikils niðurskurðar veiðiheimilda á yfirstandandi fiskveiðiári og bændur horfa fram á gríðarlegar verðhækkanir á áburði og öðrum aðföngum.

*Greinargerð:*

Samkvæmt tölum frá 2006 eru greiðslur vegna flutningsjöfnunar á bensíni hæstar kr. 4.94 á lítra en hæstar kr. 8.42 á lítra dísilolíu. Jöfnunin er fjármögnuð með sérstakri gjaldtöku af seldu eldsneyti en ekki framlögum úr ríkissjóði. Verðmunur á hæsta og lægsta verði dísilolíu og bensíns eftir afgreiðslustöðum er allt að kr. 6.70 í janúar 2008. Hæsta verðið er undantekningalaust í mesta dreifbýlinu.

Viðskiptaráðherra lagði fram tillögu um að Flutningsjöfnunarsjóður yrði lagður niður í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2008. Ráðherra hætti þó við að sinni og fól nefnd undir forystu Kristjáns Þórs Júlíussonar alþm. að skoða málið. Nefndin á að skila af sér 1. júní næstkomandi. Með þessari tillögu vill Búnaðarþing þrýsta á um að ekki komi til þess að íbúar í dreifbýlinu þurfi að taka á sig enn meiri verðmun en nú þegar er staðreynd.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 hvetur stjórnvöld til að falla frá áformum um að leggja niður Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara. Íbúar í dreifbýli búa nú þegar við verulega hærra eldsneytisverð á lítra þrátt fyrir flutningsjöfnun. Verði henni hætt gæti það leitt til enn frekari hækkunar á bensíni og dísilolíu í dreifbýli. Sú ráðstöfun mun auka enn á þann aðstöðumun sem er á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

*Greinargerð:*

Viðskiptaráðherra lagði fram tillögu um að Flutningsjöfnunarsjóður yrði lagður niður í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2008. Ráðherra hætti þó við að sinni og fól nefnd undir forystu Kristjáns Þórs Júlíussonar alþm. að skoða málið. Nefndin á að skila af sér 1. júní næstkomandi.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

## 36. Landbótasjóður

**Erindi búnaðarpingsfulltrúa á Suðurlandi**

Búnaðarþing 2008 telur mjög brýnt að fjármagn til Landbótasjóðs verði aukið þar sem aðsókn að sjóðnum fer vaxandi frá ári til árs og geysileg hækkun áburðarverðs fyrirsjáanleg. Einnig er mikilvægt að Framkvæmdanefnd búvörusamninga styrki áfram sjóðinn með 5 milljóna króna framlagi eins og á árinu 2007, að viðbættum verðlagsbreytingum.

*Greinargerð:*

Þeir fjármunir sem koma frá Landbótasjóði gera bændum kleift að framkvæma þær landbætur á afréttum og heimalöndum sem þeir hafa gengist undir vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Mikil og þörf uppgræðsla er framkvæmd af bændum fyrir það fjármagn sem þeir fá úr Landbótasjóði á mjög hagkvæman og skilvirkan hátt.

**Niðurstaða:** Afgreitt með máli nr. 37.

## 37. Landgræðsla

**Frá búnaðarpingsfulltrúum á Suðurlandi**

Búnaðarþing 2008 telur að verkefnið „Bændur græða landið“ eitt besta verkefni Landgræðslunnar sem unnið er að í samstarfi við bændur. Brýnt er, þó Landgræðslan flytjist yfir til umhverfisráðuneytisins, að fjármagn til þessa flokks haldi áfram að aukast. Jafnframt lýsir búnaðarþing yfir ánægju með samkomulag umhverfisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um aukinn stuðning við þetta verkefni á þessu ári.

*Greinargerð:*

Þar sem áburðarverðshækkun verður umtalsverð, er mjög brýnt að auka fjármagn til verkefnisins „Bændur græða landið“ svo ekki verði að draga saman þá uppgræðslu sem bændur eru að framkvæma



á viðkvæmum svæðum.

Þar sem bændur leggja til vinnu sína og vélar, nýttast þeir fjármunir sem í þetta verkefni fara mjög vel.

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 telur brýnt að fjármagn til Landbótasjóðs og verkefnisins “Bændur græða landið” verði aukið í samræmi við hækkan áburðarverðs.

Edda Björnsdóttir  
Guðni Einarsson  
Jón Benediktsson  
Jónas Helgason  
Nanna Jónsdóttir  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson  
Sædís Guðlaugsdóttir

### **38. Varnarlínur / og flutningur á búfé og tækjum**

#### **1. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda**

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda leggur ríka áherslu á vönduð vinnubrögð við undirbúning og gerð tillagna við endurskoðun á sauðfjárveikivarnarlínum. Stjórnin beinir þeim tilmælum til búnaðarþings 2008 að Búnaðarsambönd á hverju svæði fái fullan aðgang að þeirri vinnu og gæti hagsmuna bænda á svæðinu.

*Greinargerð:*

Þegar unnið er að endurskoðun á varnarlínum tengdum sauðfjárveikivörnum verður að taka tillit til margra þátta. Hafa verður í huga þróun ýmissa búfjárjúkdóma á nálægum svæðum, ásamt landfræðilegum aðstæðum. Forgangurinn og grundvallaratriði málsins verður alltaf að vera sjúkdómavarnir til langframa með hliðsjón af landfræðilegri legu viðkomandi landshluta.

#### **2. Erindi Landssamtaka sauðfjərbænda**

Búnaðarþing 2008 leggur þunga áherslu á og beinir því til Matvælastofnunar að sauðfjárveikivarnagirðingum sé vel við haldið, skýrar reglur gildi um líffjárölu, flutninga búfjár yfir varnarlínur og allar breytingar þar að lútandi verði vel kynntar. Einnig að settar verði skýrar reglur um flutninga á fóðri, túnþökum og landbúnaðartækjum yfir varnarlínur og öðrum þeim tækjum sem hætta er á að beri smitefni.

#### **3. Erindi íbúafundar í Borgarbyggð**

“Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sauðfjárveikivarnarlínum sé vel við haldið á kostnað ríkisins.”

**Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 skorar á Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti að ljúka endurskoðun á varnarlínum fyrir sauðfé, sem gert er ráð fyrir í skýrslu nefndar landbúnaðarráðherra um endurskoðun á vörnum gegn búfjárjúkdómum frá júlí 2006. Jafnframt leggur Búnaðarþing áherslu á að virt séu ákvæði laga nr. 25/1993 um samráð við heimaaðila vegna breytinga á girðingum og fleira.

Sigurður Loftsson  
Svana Halldórsdóttir  
Anna Bryndís Tryggvadóttir  
Ágúst Rúnarsson  
Árni V. Kristjánsson  
Jóhannes Jónsson  
Þórarinn Ingi Pétursson

### 39. Skráning örnefna

#### **Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings**

Búnaðarþing 2008 hvetur til almennrar skráningar og varðveislu á örnefnum en í þeim felast menningarverðmæti sem víða eru að glatast. Þá skorar þingið á sveitarfélög og félög bænda að gangast fyrir slíkri skráningu hvert á sínu svæði. Æskilegast væri að hnitsetja þessi örnefni.

**Niðurstaða:** Afgreitt með máli nr. 40.

### 40. Hnitsetning landamerkja

#### **Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings**

Búnaðarþing 2008 skorar á landeigendur að láta hnitsetja landamerki jarða sinna og ganga þannig frá málum að landamerki jarða séu glögg og óumdeild.

#### *Greinargerð:*

Búnaðarþing leggur áherslu á að landamerki jarða séu glögg og helst óumdeild. Þingið vekur athygli á að þekking á landamerkjum jarða er víða að glatast. Eigendaskipti á jörðum eru algengari í dag en áður fyrr og leiða oft í ljós að skilgreining landamerkja er ekki svo glögg sem skyldi. Ekki er það síst vegna þess að örnefni sem nefnd eru í landamerkjabréfum eru ekki lengur þekkt. Einnig geta hafa orðið þær breytingar á umhverfi að ómögulegt er orðið að átta sig á staðháttalýsingum. Þá fer staðkunnátta almennt minnkandi. Búnaðarþing bendi í þessu sambandi á verkefni Búnaðarsamtaka Vesturlands í samstarfi við Fasteignamat ríkisins, sem miðar að því að aðstoða landeigendur við að hnitsetja landamerki jarða sinna. Búnaðarþing fagnar þessu frumkvæði og telur brýnt að slíkt verkefni verði unnið um allt land.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að miðla þeirri þekkingu til búnaðarsambanda sem til er um hnitsetningu landamerkja og frágang þeirra til þinglýsingar. Þá hvetur þingið sveitarfélög og félög bænda til að gangast fyrir almennri skráningu og varðveislu á örnefnum í samstarfi við Örnefnasafn.

Edda Björnsdóttir  
Guðni Einarsson  
Jón Benediktsson  
Jónas Helgason  
Nanna Jónsdóttir  
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson  
Sædís Guðlaugsdóttir

### 41. Bótaréttur vegna framkvæmda í almannabágu og framkvæmd eignarnáms

#### **Lagt fyrir af stjórn BÍ**

**A. Búnaðarþing 2008 áréttar kröfur sínar úr ályktun í máli nr. 8 frá búnaðarþingi 2007. Í lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973 er að finna rammann að því hvernig staðið skuli að málum. Það er skýlaus krafa bænda að framkvæmd eignarnáms sé eins í öllum tilvikum og fylgi eftirfarandi ferli sem byggir á áðurnefndum lögum:**

- a. Gert sé bráðabirgðasamkomulag við landeiganda til að undirbúningsrannsóknir geti farið fram. Vitna í lagaheimildir
- b. Ákvörðun fyrirtækis um hvort ráðist er í framkvæmdir
- c. Samningaferli við landeigendur.
- d. Náist samningar hefjast framkvæmdir síðan með eðlilegum hætti
- e. Náist samningar ekki er málinu vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta. Fyrsta aðgerð nefndarinnar er að leita sátta með aðilum.
- f. Framkvæmdir hefjast ekki nema með heimild Matsnefndarinnar sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973.
- g. Í engu tilfelli má hefja framkvæmdir nema þetta ferli sé til enda gengið.

**B. Búnaðarþing 2008 krefst þess að Alþingi geri eftirfarandi lagabreytingar:**

- a. Árættuð er fyrri krafa Bændasamtaka Íslands um afnám 3. mgr. 40 gr. laga nr. 80/2007
- b. Krafist er að 3. mgr. 71. gr laga nr. 81/2003 verði færð til samræmis við 5. mgr. 71. gr. sömu laga.

**C. Búnaðarþing 2008 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem hafi eftirfarandi hlutverk:**

- a. Kynna þeim fyrirtækjum sem við á, ályktanir búnaðarþings í þessu máli.
- b. Standa fyrir kynningu á úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta og samningum við landeigendur eftir því sem við á.

**Ályktun:**

A. Það er sjálfsögð krafa landeigenda að undirbúningur framkvæmda í almannapágu fylgi eftirfarandi ferli sem aðallega byggir á lögum um eignarnám.

- a. Gerður er samningur við landeigendur til að undirbúningsrannsóknir geti farið fram.
- b. Ákvörðun framkvæmdaaðila um hvort ráðist verður í framkvæmdir
- c. Samningaferli við landeigendur.
- d. Náist samningar hefjast framkvæmdir með eðlilegum hætti
- e. Náist samningar ekki er málinu vísað til Matsnefndar eignarnámsbóta. Fyrsta aðgerð nefndarinnar er að leita sátta með aðilum.
- f. Framkvæmdir hefjast ekki nema með heimild Matsnefndarinnar sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973.
- g. Í engu tilfelli má hefja framkvæmdir nema þetta ferli sé til enda gengið.

B. Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að samningsréttur landeigenda sé virtur ef gerðar eru breytingar á eldri mannvirkjum. og ef eigendaskipti verða á mannvirkjum sem reist hafa verið í almannapágu.

**C. Búnaðarþing 2008 krefst þess að Alþingi geri eftirfarandi lagabreytingar:**

Árættuð er fyrri krafa Bændasamtaka Íslands um afnám 3. mgr. 40 gr. laga nr. 80/2007

Krafist er að 3. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003 verði færð til samræmis við 5. mgr. 71. gr. sömu laga.

Að annarri málsgrein 71. gr. laga 81/2003 verði breytt, þannig að eigandi fjarskiptavirkis sjái um og beri kostnað af flutningi þess ef nauðsyn ber til vegna verklegra framkvæmda.

D. Búnaðarþing 2008 leggur áherslu á að skipulag vegna framkvæmda verði unnið í samráði við landeigendur.

E. Búnaðarþing beinir því til landeigenda að leggja aukna áherslu á að fá árlegar leigugreiðslur en ekki eingreiðslur eins og tíðkast hefur.

**F. Búnaðarþing 2008 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að skipa starfshóp sem hafi eftirfarandi hlutverk:**

- a. Kynna þeim fyrirtækjum sem við á, ályktanir búnaðarþings í þessu máli.
- b. Kynna sveitarstjórnnum sömu ályktanir.
- c. Standa fyrir kynningu á úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta og samningum við landeigendur eftir því sem við á.

Sigbjörn Björnsson  
Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson Þórhallur Bjarnason

## 42. Landbúnaðarsafn Íslands

Lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

Sjálfsveigarstofnunin Landbúnaðarsafn Íslands var formlega stofnuð 14. febrúar 2007. Stofnaðilar voru Landbúnaðarháskóli Íslands, Bændasamtök Íslands og sveitarfélagið Borgarbyggð, en stjórnaraðild eiga einnig fulltrúi þjóðminjavarðar og landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarsafni Íslands er ætlað að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hana. Safnið á einnig að annast rannsóknir og almenna kynningu á sögu landbúnaðarins og stöðu og hvers konar miðlun hennar, ýmist eitt sér eða í samvinnu

við aðra.

Í ljósi þáttar landbúnaðarins í framvindu þjóðlífs og varðveislu menningararfs þjóðarinnar svo og þáttar atvinnugreinarinnar í nútíma samfélagi álitur búnaðarþing að Landbúnaðarsafn geti gegnt mikilvægu hlutverki.

Búnaðarþing heitir stuðningi Bændasamtaka Íslands við starfsemi safnsins og hvetur um leið önnur samtök og stofnanir, er láta sér landbúnað varða, til þess að veita safninu brautargengi.

#### *Greinargerð:*

Samtök bænda hafa lengi látið sér annt um menningarvarðveislu. Nægir þá að nefna að Búnaðarþing fjallaði hvað fyrst um málið fyrir meira en einni öld (1903) og hvatti til varðveislu eldri verkfæra. Við stofnun Verkfærasafns á Hvanneyri 1940 færði Búnaðarfélag Íslands safninu forn verkfæri úr sinni eigu, sem nú eru meðal þeirra merkustu í Landbúnaðarsafninu á Hvanneyri.

Búnaðarþing 1976 ályktaði einnig um eflingu verkfærasafnsins og aftur árið 1979. Málefnið fékk athygli og munaði hvað helst um það að áttak var gert í söfnun og aðhlyningu merkisgrípa, ekki síst fyrir daglegan atbeina Haraldar Árnasonar ráðunauts BÍ og frkvstj. Vélasjóðs.

Ekki má gleyma merku starfi Ragnars Ásgeirssonar ráðunauts Búnaðarfélags Íslands um miðbik síðustu aldar við björgun muna og minja og eflingu byggðasafna.

Ritun 150 ára sögu búnaðarsamtaka á Íslandi, sem BÍ stóð fyrir, er verulegt framlag til varðveislu búnaðarsögunnar sem og ritun heildarsögu íslensks landbúnaðar, er nú stendur yfir, og hefur notið mikilvægs stuðnings Bændasamtaka Íslands. Ber þar sérstaklega að geta verks Jónasar heitins Jónssonar, fyrrv. búnaðarmálastjóra. Þessi verk eru og verða grundvallarverk fyrir Landbúnaðarsafn Íslands.

Þannig hafa samtök bænda um langan aldur og með margvíslegum hætti rækt hlutverk landbúnaðarins sem arfbæra.

Í norrænu máli, t.d. norsku, er t.d. nú notað hugtakið kultur-bærar um það (þar viðurkennda) hlutverk landbúnaðarins að eiga einnig veigamikinn þátt í varðveislu menningararfs byggðanna og þessa forms á nýtingu landsins. Þetta er sannarlega einn af "tilgöngum" landbúnaðar, tilgangur sem vel má bjóða menningaryfirvöldum verktöku í gegn hæfilegri umbun á formi þróunarverkefna hjá einstökum bændum (eins og vísir hefur verið að í búnaðarsamningum) og t.d. umsömdu framlagi til Landbúnaðarsafns...../BG íslenskrar þjóðmenningar.

Hugmynd með Landbúnaðarsafni er ekki eingöngu bundin því að endurspeglar söguna heldur einnig samtímamann og þá með lifandi hætti, líkt og í vaxandi mæli er gert á hliðstæðum söfnum erlendum. Safnið, eitt og sér eða í samvinnu við aðra aðila, á að veita almenningi aðgang að landbúnaði samtímans og fræðslu um hann.

Skilyrði til þess eru góð á Hvanneyri, með tengslum við Landbúnaðarháskóla Íslands og fjölpætta starfsemi hans, sem og aðrar búnaðarstofnanir þar, en líka í náttúrulegu og lifandi umhverfi sem m.a. geymir minjar um 120 ára þróunarsögu landbúnaðarins á mesta breytingaskeiði þjóðarinnar.

#### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 heitir stuðningi Bændasamtaka Íslands við starfsemi Landbúnaðarsafns Íslands og hvetur um leið önnur samtök og stofnanir, sem láta sig landbúnað varða, til að styðja við safnið.

#### *Greinargerð:*

Sjálfseignarstofnunin Landbúnaðarsafn Íslands var formlega stofnuð 14. febrúar 2007. Stofnaðilar voru Landbúnaðarháskóli Íslands, Bændasamtök Íslands og sveitarfélagið Borgarbyggð, en stjórnaraðild eiga einnig fulltrúi þjóðminjavarðar og landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarsafni Íslands er ætlað að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hann. Safnið á einnig að annast rannsóknir og almenna kynningu á sögu landbúnaðarins og stöðu og hvers konar miðlun hennar, ýmist eitt sér eða í samvinnu við aðra.

Í ljósi þáttar landbúnaðarins í framvindu þjóðlífs og varðveislu menningararfs þjóðarinnar svo og þáttar atvinnugreinarinnar í nútíma samfélagi álitur búnaðarþing að Landbúnaðarsafn gegni mikilvægu

hlutverki.

Birna Þorsteinsdóttir  
Egill Sigurðsson  
Einar Ófeigur Björnsson  
Guðmundur Davíðsson  
Guðrún Sigurjónsdóttir  
Karl Kristjánsson  
Örn Bergsson

#### 43. Tryggingasamningur við bændur

Drög að samningi um tryggingar fyrir bændur eru lögð til umsagnar fyrir búnaðarþing 2008.

**Niðurstaða:** Vísað til stjórnar BÍ

#### 44. Kjaramál bænda

##### Ályktun:

Eins og Bændasamtök Íslands hafa bent á síðustu mánuði hefur rekstrarkostnaður í landbúnaði hækkað verulega um heim allan. Hliðstæð þróun blasir við hér og rekstrarútgjöld íslenskra bænda hafa á síðustu vikum og mánuðum hækkað meira en áður hefur þekktst.

Þessar hækkanir eru að mestu leyti hluti af alþjóðlegri þróun sem nú leiðir hvarvetna til hækkandi matvælavæðis. Sem dæmi má nefna gríðarlegar hækkanir á fóðurverði, sáðvörum, olíu og ekki síst á áburðarverði sem hefur hækkað sem næst 80%. Þá hefur orðið óheyrileg hækkun á fjármagnskostnaði sem á sér bæði uppruna í alvarlegu ástandi á fjármálamörkuðum heimsins og stöðu efnahagsmála á Íslandi. Afleiðingar þessara hækkana eru þær að rekstrarforsendur í íslenskum landbúnaði eru brostnar að óbreyttu afurðaverði. Þessi staða er ekki aðeins alvarleg fyrir bændur, heldur ógnar hún einnig aðgengi íslenskra neytenda að gæðamatvælum á sanngjörnu verði.

Framtíð íslensks landbúnaðar og þar með mataröryggi þjóðarinnar, er undir því komið að bændur standi af sér núverandi þrengingar.

Við þessar aðstæður leggur Búnaðarþing 2008 áherslu á að afurðaverð til bænda verður að hækka í samræmi við aukinn tilkostnað.

Að öðru leyti leggur þingið áherslu á eftirfarandi:

1. Tollar á innfluttar landbúnaðarvörur verði ekki lækkaðir.
2. Samkvæmt gildandi lögum fellur útflutningsskylda kindakjöts niður 1. júní 2009. Lögð er áhersla á að núverandi skipan haldist og útflutningsskyldunni beitt áfram.
3. Til að draga úr áhrifum gríðarlegrar hækkunar á áburðarverði, leggi ríkissjóður fram fjármagn til að mæta þessum kostnaðarauka árið 2008 og stuðli þannig að lægra verði til neytenda.
4. Gjöld á innfluttar fóðurböndur verði felld niður.
5. Beita þarf áfram öllum tiltækum faglegum leiðum til að lækka framleiðslukostnað íslenskra búvara.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir  
Guðný H. Jakobsdóttir  
Gunnar Þorgeirsson  
Jón Magnús Jónsson  
Rögnvaldur Ólafsson  
Sigurbjartur Pálsson  
Þórólfur Sveinsson

#### 45. Málefni WTO

Mál lagt fyrir af stjórn BÍ

##### **Ályktun:**

Búnaðarþing 2008 ítrekar ályktun sína frá búnaðarþingi 2006 um alþjóðasamninga og íslenskan landbúnað.

Nýleg samkomulagsdrög (frá 8. febrúar sl.) ganga enn lengra en fyrri drög frá júlí í 2007 í að koma til móts við kröfur útflutningslanda, svo sem um lækkun tolla og niðurskurð á stuðningi strax við gildistöku nýs samkomulags. Þá hefur ekki verið tekið tillit til óska G10 landanna um aukinn fjölda vörutegunda sem sættu minni lækkun tolla.

Búnaðarþing skorar á stjórnvöld að standa vörð hag íslensks landbúnaðar í samningunum og vinna áfram náið með öðrum ríkjum sem hafa svipaðar áherslur.

Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason

#### 46. Frístundabyggð

Umsögn um frumvarp til laga um frístundabyggðir, þskj. 614 – 372. mál, 135 löggjafarþing.

Búnaðarþing 2008 leggst eindregið gegn samþykkt umrædds frumvarps í núverandi mynd. Það er krafa Bændasamtaka Íslands að skipaður verði að nýju starfshópur svo sem gert var hinn 21. júlí 2006 til þess að yfirfara og endurskoða fyrirliggjandi frumvarp og freista þess að ná um það sem viðtækastri sátt og samstöðu þeirra er málið varðar.

##### *Greinargerð:*

1. Bændasamtök Íslands eru hlynnt því að sett verði heildarlöggjöf um frístundabyggðir. Forsenda þess að slík löggjöf nái tilgangi sínum er að um hana ríki góð samstaða hagsmunaaðila frá upphafi. Mikilvægt er að rjúfa ekki það samráðsferli og sátt er náðist í starfshópi þeim er samdi hin upphaflegu frumvarpsdrög.
2. Bændasamtökin hafa ráðlagt bændum leigu frekar en sölu. Lóð sem er leigð út úr jörð gefur varanlega arð. Sala er skerðing á jörðinni.
3. Ef leigutökum eru settir óhæfilega harðir kostir mun leigufyrirkomulagið hverfa.
4. Í ljósi þessa ætti hugmynd um Kæruneftnd frístundabyggðarmála ekki að teljast óskynsamleg, sjá IV. kafla frumvarpsins.
5. Það er hins vegar með öllu fráleitt að félagsmálaráðherra á hverjum tíma sé selt óskorað sjálfðæmi um að skipa alla þrjá fulltrúana í kæruneftnd án tilnefningar. Með slíku fyrirkomulagi hefði félagsmálaráðherra einræðisvald um það hvernig umdeildustu ákvæðum laganna yrði beitt. Sjá 23. gr.
6. Vel mætti hugsa sér að félagsmálaráðherra skipaði þriggja manna sáttanefnd þar sem einn fulltrúi væri tilnefndur af Landssambandi sumarhúsaeigenda, einn af Bændasamtökum Íslands og einn án tilnefningar.
7. Ef sættir tækjust ekki gæti hvor aðila um sig skotið ágreiningi til Matsneftndar eignarnámsbóta.
8. Með frumvarpi því er samið var af starfshópi er félagsmálaráðherra skipaði 21. júlí 2006 var réttur leigutaka mjög vel tryggður. Fullt samkomulag náðist í starfshópnum, en í honum sat m. a.

framkvæmdastjóri Landssambands sumarhúsaeygenda.

9. Með frumvarpi því er nú er lagt fram er fyrra frumvarpi umbylt efnislega með því að bæta við nýjum ákvæðum sem eru nánast öll leigusala í óhag. Sjá einkum 10 til 14 gr. og 22 til 26. gr.

10. Með þessum ákvæðum er ráðstöfunarréttur landeiganda takmarkaður svo, í þágu viðsemjanda á sviði einkaréttar, að hæpið er að halda því fram að frumvarpið standist stjórnarskrá, að um sé að ræða almennar takmarkanir eignarréttarins. Í 10 gr. 11. gr. og 12. gr. sýnist í raun og veru vera kveðið á um leigunám, þótt reynt sé að dulbúa það með því að hafa ákvæðin flókin og ógreinileg.

11. Alþingi getur sett almenna eignarnámsheimild í lög. Alþingi metur sjálf hvort almennings þörf krefji. Slíkar eignarnámsheimildir eru algengar ríki og sveitarfélögum til handa. Það á sér ekki fordæmi að almenn eignarnámsheimild sé veitt ótilteknum hópi einstaklinga, eins og er í þessu frumvarpi. Það sem næst kemst er að á stríðsárunum voru sett lög nr. 29/1941 um leigunám ríkisins á húsnæði fyrir "börn og mæður þeirra, þeim til öryggis" vegna stríðsástands, rökstudd með vísan til neyðarréttarsjónarmiða.

12. Ef lögmæltri eignarnámsheimild er beitt verður að fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, þar á meðal um mat á eignarnámsbótum. Að ákveða í sérlögum sem hafa að geyma almenna eignarnámsheimild svo sem er um frumvarp þetta, aðra og mun óvandaðri aðferð við mat á bótum, er varla verjandi. Sjá IV. kafla frumvarpsins.

13. Löggjöf sem hefur að geyma gildirur, þ.e. ákvæði til þess fallin að venjulegir gætnir borgarar varist þau eigi og verði iðulega fyrir stórfelldum réttarspjöllum sakir minniháttar vangár, er vond löggjöf. Frumvarpið hefur að geyma mörg ákvæði um að réttarspjöllum varði ef eigi er gætt mjög flókinna og þvælulegra ákvæða um tilkynningar og fresti til að tilkynna.

14. Dæmi um óhóflega langa fresti leigusala í óhag, er ákvæði 13. gr., en með því er leigusala gert ómögulegt að rjúfa leigusamband fyrr en að 12 árum liðnum frá því að hann hefur sagt upp tímabundnum leigusamningi. Sjá og ákvæði sömu greinar um að leigusali geti ekki krafist innlausnar fyrr en að 10 árum liðnum frá því að leigutaki hefur einhliða framlengt leigusamning.

Bjarni Ásgeirsson  
Jóhann Már Jóhannsson  
Marteinn Njálsson  
Sigbjörn Björnsson  
Sigurbjörn Snæþórsson  
Sveinn Ingvarsson  
Þórhallur Bjarnason